



Íþróttabandalag Akraness

Stofnað 1946

65 ára



Ársskýrsla 2010

67. ársþing - 14. apríl 2011



Guðlaug Sværðsdóttir,
ritari



Ellert Ingvarsson,
varaformaður



Sturlaugur Sturlaugsson,
formaður



Halldór Fr. Jónsson,
gjaldkeri



Hildur Karen
Aðalsteinsdóttir,
meðstjórnandi



Hugi Harðarson,
varamaður



Jón Þór Þórðarson,
íþróttafulltrúi ÍA



Margrét Ákadóttir,
varamaður



Hermann Hermannsson,
Kraftlyftingafélag
Akraness



Guðmundur Sigurðsson,
Keilufélag
Akraness



Svanborg Frostadóttir,
Badmintonfélag
Akraness



Kristmar Sigurðsson,
Körfuknattleiksfélag
Akraness



Ágústa Andréadóttir,
Karatefélag
Akraness



Viktor Elvar Viktorsson,
Golfklúbburinn
Leynir



Anna Bjarnadóttir,
Ungmennafélagið
Skipaskagi



Ólöf Samúelsdóttir,
Hestamannafélagið
Dreyri



Gunnar H. Kristinsson,
Sundfélag
Akraness



Gísli Gíslason,
Knattspyrnufélag
ÍA



Steindóra Steinsdóttir,
Blakfélagið
Bresi



Sevar Haukdal,
Fimleikafélag
Akraness



Ólöf Guðmundsdóttir,
Íþróttafélagið
Þjótur



Jón S. Ólason,
Skotfélag
Akraness



Petronella Kristjánsdóttir,
Vélhjólaíþróttafélag
Akraness



Sigurður Bjarnason,
Hnefaleikafélag
Akraness

Skýrsla framkvæmdastjórnar ÍA starfsárið 2010

Skýrsla framkvæmdastjórnar ÍA starfsárið 2010

Framkvæmdastjórn ÍA árið 2010 skipuðu:

Sturlaugur Sturlaugsson formaður
Ellert Ingvarsson varaformaður
Halldór Fr. Jónsson gjaldkeri
Guðlaug Sverrisdóttir ritari
Hildur Karen Aðalsteinsdóttir meðstjórnandi

Varamenn í stjórn
Hugi Harðarson
Margrét Ákadóttir

Formenn aðildarfélag ÍA árið 2010 voru:

Svanborg Frostadóttir formaður Badmintonfélags ÍA
Steindóra Sigríður Steinsdóttir form. Blakfélagsins Bresa
Sævar Haukdal formaður Fimleikafélags Akraness
Viktor Elvar Viktorsson formaður Golfklúbbsins Leynis
Ólöf Samúelsdóttir form. Hestamannafélagsins. Dreyra
Sigurður H. Bjarnason, form. Hnefaleikafélags Akraness
Ólöf Guðmundsdóttir formaður Íþróttafélagsins Þjóts
Ágústa Andrésdóttir formaður Karatefélags Akraness
Guðmundur Sigurðsson formaður Keilufélags Akraness
Gísli Gíslason formaður Knattspyrnufélags ÍA
Kristmar Sigurðsson form. Körfuknattleiksfélags Akraness
Anna Bjarnadóttir formaður Umf. Skipaskaga
Jón S. Ólason formaður Skotfélags Akraness
Gunnar H. Kristinsson formaður Sundfélags Akraness
Petronella Kristjánsdóttir form. Vélhjólaiþróttafélags Akraness
Hermann Hermannsson form. Kraftlyftingafélag Akraness

Íþróttamaður ársins 2010 á Akranesi

Valdís Þóra Jónsdóttir var kjörin íþróttamaður Akraness fyrir árið 2010. Valdís Þóra varð Íslandsmeistari kvenna í holukeppni sem fram fór á Garðavelli í sumar. Hún varð einnig stigameistari kvenna á Eimskipsmótaröð GSÍ og vann til verðlauna á mörgum mótum. Valdís Þóra gerði það líka gott í Bandaríkjunum þar sem hún er við nám. Hún var í sigurliði síns skóla og jafnað skólametið hjá Texas State fyrir lægsta skor einstaklings í keppni. Meðalskor hennar er með því lægsta sem nýliði á skólamótaröðinni hefur leikið og var hún valin í lið ársins Valdís Þóra tók þátt í Evrópumóti kvenna fyrir Íslands hönd á La Manga á Spáni. Hún var einnig valin til að taka þátt í Heimsmeistaramótinu í Argentínu fyrir Íslands hönd en varð fyrir því óláni að fótbrotna í haust og tók þess vegna ekki þátt í HM.

Önnur í kjörinu varð sundkonan Inga Elín Cryer. Inga Elín náði frábærum árangri á Íslandsmeistaramótum og alþjóðlegum mótum innanlands. Hún varð Íslands- og bikarmeistari í flokki fullorðinna og þá var hún einnig fjórfaldur Aldursflokkameistari og um leið stigahæsta stúlkan.

Inga Elín náði lágmörkum á Ólympíuleika ungmenna í Singapore þar sem hún keppti fyrir Íslands hönd. Inga Elín á 3 Íslandsmet auk 24 Akranesmeta í öllum flokkum.

Í þriðja sæti varð Aðalheiður Rósa Harðardóttir. Aðalheiður keppir í báðum greinum karate, kata og kumite og hefur náð góðum árangri í þeim. Á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í kata varð Aðalheiður í öðru sæti í bæði kata og hópkata kvenna. Á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í kumite varð hún í þriðja sæti bæði í opnum flokki og -60 kílógramma flokki. Í apríl varð hún síðan í þriðja sæti í junior flokki á norðurlandameistaramótinu í karate. Hún vann einnig til fjögurra verðlauna á Stockholms Open mótinu í nóvembermánuði. Aðalheiður var í lok ársins valin karatekona ársins á Íslandi.

Á árinu 2010 eignuðumst við alls 44 meistara á Íslands- og bikarmótum í 8 íþróttagreinum. Eftirtaldir íþróttamenn voru tilnefndir af sínum félögum til kjörsins:

Badmintonmaður ársins: Egill Guðvarður Guðlaugsson
Fimleikamaður ársins: Ástrós Líf Rúnarsdóttir
Hestaíþróttamaður ársins: Jakob S. Sigurðsson
Hnefaleikamaður ársins: Arnór Már Grímsson
Íþróttamaður Þjóts: Andri Jónsson
Íþróttamaður Umf. Skipaskaga: Jófríður Ísdís Skaftadóttir
Kylfingur ársins: Valdís Þóra Jónsdóttir
Karateamaður ársins: Aðalheiður Rósa Harðardóttir
Keilumaður ársins: Skúli Freyr Sigurðsson
Knattspyrnumaður ársins: Páll Gísli Jónsson.
Knattspyrnukona ársins: Heiðrún Sara Guðmundsdóttir.
Kraftlyftingamaður ársins: Árni Freyr Stefánsson
Körfuknattleiksmaður ársins: Dagur Þórisson
Skotmaður ársins: Berglind Björgvinsdóttir
Sundmaður ársins: Inga Elín Cryer
Vélhjólaiþróttamaður ársins: Ernir Freyr Sigurðsson



Íþróttir í 100 ár - afmælishátíð á Akranesi

Laugardaginn 23. janúar 2010 voru liðin 100 ár frá stofnun Ungmennafélags Akraness sem markar um leið upphaf glæsilegrar sögu íþróttar á Akranesi. Af þessu tilefni var efnt til sérstakrar hátíðardagskrár að Stíllholti 16 – 18 þar sem sýningin Íþróttir á Akranesi í 100 ár er haldinn. Rythmasveit Tónlistarskólans á Akranesi kom fram í fyrsta sinn, en sveitin var stofnuð nýverið.

Í upphafi dagskrár flutti Eyðís Aðalbjörnsdóttir formaður fjölskylduráðs ávarp þar sem hún fór stuttlega yfir upphaf þessarar glæstu íþróttasögu á Akranesi. Einnig veitti hún þeim Haraldi Sturlaugssyni, Friðþjófi Helgasyni og Helga Daníelssyni blóm í þakklætisskyni fyrir þeirra ómetanlega framlag við að varðveita þessa sögu og koma henni á framfæri. Helgi Daníelsson var heiðraður sérstaklega fyrir hans mikla starf í þágu Akraness í gegnum árin og fékk að gjöf silfurgríp smíðaðan af Dýrfinnu Torfadóttur. Í þakkaræðu sinni sagði Helgi að það væru forréttindi að vera Skagamaður og fá að alast upp á Akranesi. Knattspyrnufélag ÍA nýtti þetta tækifæri einnig til að gera Harald Sturlaugsson að heiðursfélaga Knattspyrnufélagsins. Tómas Guðmundsson viðburðastjóri Akraneskaupstaðar afhjúpaði nýtt logo sem útbúið hefur verið í tilefni af þessum tímamótum og hyggst Akraneskaupstaður og ÍA gera þessari sögu góð skil á árinu með margvíslegum hætti.

Sturlaugur Sturlaugsson formaður ÍA flutti stutt ávarp ásamt því sem fulltrúar úr stjórn Minningarsjóðs Guðmundar Sveinbjörnssonar afhentu styrki til þeirra Valdísar Þóru Jónsdóttur, Ingu Elínar Cryer, Karitas Ólafsdóttur, Steinunnar Ingu Guðmundsdóttur og Skúla Freys Sigurðssonar. Framkvæmdastjórn Íþróttabandalagsins afhenti einnig aðildarfélögum sínum styrk að samtals upphæð 4 milljónir króna. Að lokum flutti Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ ávarp. Ólafur hrósaði Skagamönnum fyrir sitt þróttmikla og metnaðarfulla starf, þessi saga væri einstök og hún væri ennþá í mótun. Í viðurkenningarskyni afhenti hann Akraneskaupstað að gjöf áritaðan skjöld frá ÍSÍ. Í lok mars fékk Íþróttabandalag Akraness úthlutað styrk frá Menningarráði Vesturlands uppá kr. 750.000.- til að vinna áfram með sýninguna og koma henni fyrir í Íþróttamannvirkjunum og félagsaðstöðu ÍA.

Gönguferðir og hlaup

Rúmlega 90 göngugarpar tóku þátt í Jónsmessugöngunni sem farin var fimmtudaginn 24. júní. Gönguveður var eins og best verðu á kosið og fóru nánast allir þátttakendur alla leið á Háahnúk og nutu síðan glæsilegs sólarlags í lok göngunnar. Að göngu lokinni var haldið í Jaðarsbakkalaug þar sem boðið var uppá ávexti og góð stemming var í heitu pottunum. Skemmtilegur endir á glæsilegu kvöldi.

Alls tóku um 150 konur þátt í Kvennahlaupi ÍSÍ á Akranesi. Hlaupið var frá Dvalarheimilinu Höfða og sá Erna Sigurðardóttir um upphitun fyrir hlaupið. Valdís Þóra Jónsdóttir íþróttamaður Akraness sá um að ræsa hlaupið. Hlaupin var um 2,7 km leið og endað uppí Skógrækt þar sem þátttakendur fengu verðlaunapening og boðið var uppá ávexti og Egils kristal



Akraneshlaupið fór fram laugardaginn 12. júní og hafði Knattspyrnufélag ÍA yfirumsjón með hlaupinu. Fjölmargir þátttakendur tóku þátt þrátt fyrir frekar leiðinlegt veður. Að vanda gátu allir fundið eitthvað fyrir sitt hæfi, en keppt var í 21 km, 10 km og 3,5 km hlaupi sem og 10 km hjólræðum.

Námskeið og fræðsla

Um miðjan febrúar bauð Íþróttabandalag Akranes aðildarfélögum sínum uppá námskeið í íþróttasálfræði sem haldið var í Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum. Fyrirlesarar voru sálfræðingarnir Rúnar Helgi Andrason og Hafrún Kristjánsdóttir og var námskeiðið vel sótt af þjálfurum og elstu keppnishópum félaganna. Farið var í helstu grunnatriði íþróttasálfræðinnar og hvernig hægt er að vinna með íþróttamenn og bæta árangur þeirra.

Um miðjan maí hélt Geir Gunnar Markússon næringarfræðingur fyrirlestur um tengsl næringar og árangurs í íþróttum. Fyrirlesturinn var vel sóttur af iðkendum, þjálfurum og foreldrum. Íþróttabandalagið tók virkan þátt í ýmsum verkefnum sem miða að bættri heilsu og forvörnum. Íþróttabandalagið gerði átaksverkefnum ÍSÍ “Lífshlaupið” og “Hjólað í vinnuna” góð skil og hvatti sem flesta til að taka þátt. Skagamenn eru sífelst duglegri að nýta umhverfi bæjarins til að fara út að skokka, ganga eða hjóla. Innritunardagur íþróttar- og tómstundafélaganna var haldin að vanda í upphafi skólaársins.

Miðvikudagurinn 3. nóvember var forvarnardagur um landið allt. Jón Þór Þórðarson, íþróttafulltrúi ÍA og Lúðvík Gunnarsson deildarstjóri æskulýðs- og forvarnarmála heimsoðu grunnskóla bæjarins og kynntu það fjölbreytta íþróttar- og tómstundastarf sem í boði er. Á forvarnardaginn er lögð áhersla á þrjú heillaráð sem geta forðað börnum og unglingum frá fíkniefnum:

1. Unglingar sem verja í það minnsta klukkustund á dag með fjölskyldum sínum, eru síður líklegir til að hefja neyslu fíkniefna.
2. Ungmenni sem stunda íþróttir og annað skipulagt æskulýðsstarf falla mun síður fyrir fíkniefnum.

3. Því lengur sem ungmenni bíða með að hefja áfengisneyslu, þeim mun ólíklegra er að þau verði fíkniefnum að bráð.

Vel heppnað Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ fór fram í Borgarnesi um verslunarmannahelgina. Þrátt fyrir skamman undirbúning tókst Borgfirðingum að undirbúa og framkvæma mótið þannig að sómi var af. Yfir 1700 ungmenni kepptu í tíu greinum á mótinu og var það því það stærsta sem haldið hefur verið til þessa. Gestir í Borgarnesi voru um 12 þúsund og fór vel um alla enda veðrið með ágætum alla helgina. Þrátt fyrir að ÍA skipuleggi ekki sérstaklega ferð á unglingalandsmót þá er alltaf nokkuð um að ungmenni af Akranesi taki þátt á mótinu og þá undir merkjum ÍA eða Umf. Skipaskaga.

Töluverður áhugi er fyrir því að halda Unglingalandsmót á Akranesi í framtíðinni. Í byrjun maí var haldinn hér kynningarfundur varðandi skipulagningu- og framkvæmd unglingalandsmótanna. Á fundinn komu Helga Guðjónsdóttir formaður UMFÍ, Sæmundur Runólfsson framkv.stj. UMFÍ og Ómar B Stefánsson sem hefur haft veg og vanda af skipulagningu unglingalandsmótana. Kynningin var hin fróðlegasta og kitlaði enn frekar þann draum að halda unglingalandsmót á Akranesi. Aðstaða til frjálsíþróttar er nánast það eina sem uppá vantar til að svo megi verða. Það er verkefni framtíðarinnar að gera þennan draum að veruleika.

Framkvæmdir í íþróttamiðstöðinni

Í byrjun september var ráðist í töluverðar framkvæmdir í eignarhluta ÍA í íþróttamiðstöðinni. Skrifstofur voru færðar uppá 3. hæð sem áður var gistiaðstaða. Búinn var til nýr salur á 2. hæð og svokallaður Parketsalur var stækkaður til muna. Þessar framkvæmdir heppnuðust mjög vel og er nýtingin á rýminu mjög góð. Mun rýmra er um íþróttastarfsseminu og auknir möguleikar á að vera með þreknámskeið. Þessar framkvæmdir kostuðu rúmar 6 milljónir króna sem skila sér þó fljótt með aukinni útleigu á tímum.

Starfshópur um uppbyggingu íþróttamannvirkja á Akranesi

Í lok júní skipaði bæjarráð Akraness starfshóp um uppbyggingu íþróttamannvirkja á Akranesi. Starfshópurinn var skipaður einum fulltrúa frá hverjum flokki sem hefur fulltrúa í bæjarstjórn Akraness svo og jafnmörgum fulltrúum frá Íþróttabandalagi Akraness.

Fulltrúar Akraneskaupstaðar í hópnum voru þau:

Einar Benediktsson, formaður - fulltrúi S-lista
Hjördís Garðarsdóttir, fulltrúi V-lista
Dagný Jónsdóttir, fulltrúi B-lista
Gunnar Sigurðsson, fulltrúi D-lista

(Gunnar sagði sig síðan úr hópnum vegna þess að hann taldi sig vanhæfan til setu vegna fjölskyldutengsla við forsvarmenn í einstaka aðildarfélögum ÍA. Sæti Gunnars í starfshópnum tók Einar Brandsson)



Eftirtaldir aðilar skipuðu starfshópinn af hálfu ÍA

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjórn ÍA
Guðlaug Sverrisdóttir framkvæmdastjórn ÍA
Jón Þór Þórðarson starfsmaður ÍA
Sturlaugur Sturlaugsson formaður ÍA.

Með hópnum starfaði einnig Ragnar Már Ragnarsson, verkefnastjóri hjá Akraneskaupstað.

Verksvið starfshópsins var eftirfarandi:

- Leggja mat á núverandi íþróttamiðstöðu í eigu Akraneskaupstaðar.
- Leggja mat á núverandi aðstöðu félaga innan ÍA.
- Greina þarfir Akraneskaupstaðar og hvers íþróttafélags fyrir aðstöðu til næstu fimm ára.
- Leggja mat á og forgangsraða verkefnum.
- Gera gróft kostnaðarmat á tillögur hópsins.

Í byrjun nóvember skilaði nefndin áfangaskýrslu ef svo má kalla þar sem nefndin vonast eftir að hægt verði að endurskoða hana í febrúar 2011 að fenginni almennt umræðu. Í skýrslunni segir m.a. í inngangsorðum: “Það er ánægjulegt hlutverk nefndarmanna að fá tækifæri til að horfa til framtíðar í þeim tilgangi að bæta hag og auka vellíðan bæjarbúa. En í leiðinni örlar á smá kvíða í tengslum við nauðsynlega forgangsroðun verkefna þar sem ekki er hægt að gera allt fyrir alla, það fjármagn sem er til staðar er takmarkað og viðhald á eignum bæjarins í gegnum áratugina hefur líklega verið of lítið miðað við ástand þeirra í dag þar sem áætluð þörf er um 650 m.kr. í viðhald eigna bæjarins, skv. upplýsingum frá Kristjáni Gunnarssyni, umsjónarmanni fasteigna. Það er ekki auðvelt að forgangsraða en án efa nauðsynlegt. Mikil óvissa ríkir um fjárhagsgetu bæjarins til næstu 5 ára.

Nefndarmenn gáfu sér ákveðnar forsendur um fjárhagsgetu bæjarins almennt séð og markmið/sýn í tengslum við félagsstarfið, hér eru eftirfarandi áhersluatriði:

- Fjárhagsgeta bæjarins verði slök næstu árin.

- Treysta enn frekar barna- og unglingastarf.
- Jafna möguleika afreksfólks eins og kostur er til að ná árangri.
- Málefni Golfklúbbsins Leynis er í pólitískum farvegi nú þegar varðandi byggingu vélarskemmu. Ákveðinn samningur um slíkt til staðar en frekari samningar eru í gangi á milli GL og Akraneskaupstaðar.

Starfshópurinn kom sér fljótlega saman um að reyna að hrinda strax af stað lagfæringum á þáttum sem tengjast grunn þörf félaganna eins og loftræstingum, vatns-, öryggis- og salernismálum. Gögnin sem nefndin hafði til hliðsjónar við mat sitt, byggðist m.a. á innsendum ábendingum félaganna, ársskýrslum þeirra, samantekt frá ársþingi ÍA vorið 2010 þar sem fjallað var sérstaklega um uppbyggingu íþróttamannvirkja og rekstrarþörf íþróttahreyfingarinnar og ýmsum upplýsingum frá Akraneskaupstað.

Í lokaorðum skýrslunnar kom fram að það hefði verið æskilegt, samhliða gerð þessarar skýrslu, að hafa hugmyndir um fjárhagsgetu bæjarins til lengri tíma. Það hefði auðveldað okkur að ramma betur inn hugmyndir hópsins um uppbyggingu íþróttamannvirkja á Akranesi næstu árin. Það væri æskilegt að hópurinn hefði möguleika til að fylgja eftir störfum sínum og endurmeta skýrsluna t.d. 1. febrúar 2011 þegar aðstæður almennt m.t.t. fjárhagslagaramma sveitarfélaga og fjárhagsgeta bæjarins kemur betur ljós og skýrslan hefur hlotið kynningu innan bæjarins og íþróttafélaganna.

Forgangsroðun - Skammtímapörf

1. Keilufélagið – Kaup og uppsetning á nýjum vélum í keilusal, 6 milljónir. Erindi sent bæjarráði þ. 29.10.2010, tekið til umfjöllunar í bæjarráði þ. 4 nóv. (2010-2011).
2. Hnefaleikar – bætt loftræsting, 7-900þ. Komið í ferli í bæjarkerfinu. (2010). Samþykkt fjárveiting á fundi bæjarstjórnar þ. 26.10.2010.
3. Karfan – nýjar körfur á Jaðarsbakka um 2 milljónir kr. (2011).
4. Vélhjólaklúbbur – Ýmislegt til aðstoðar við rekstur akbrautar, t.d. vökvunarbúnaður (traktor, haugsuga) starthlið, salernisaðstaða (með Skotfélagi) 5-6 milljónir. (2011).
5. KFÍA – Æfingasvæði á Jaðarsbökkum, 4-5 ára verkefni, 5-6 milljónir á ári, byrja 20.06.2011. (Daginn eftir Norðurálsmótið) (2011-2015) Huga að langtímaskipulagi aðalvallarins.
6. Blakfélagið – Nýr strandblakvöllur í skógrækt, 500þ (2011)
7. Íþróttahúsið á Vesturgötu, bætt loftræsting, leki á milli hæða í sal Skotfélagsins, brunamál. (2011)
8. KFÍA – Bolta og vélageymsla, moka innan úr 2 bilum í Akraneshöll. 20 millj.(2012-13)
9. SA – Tímabundin yfirbygging á Jaðarsbakkalaug (2011) +/- 50 milljónir, t.d. mjúkhýsi (sjá scandihall.no) sparnaður í rekstri, hægt að taka niður yfir sumartímann, hægt að færa í önnur verkefni. Byggð verði ný 50mx6,0 m 3-4 ja brauta innilaug (2012-14)æfinga- og kennslulaug annað hvort sett upp við enda Jaðarsbakkalaugar undir mjúkhýsi samhliða

yfirbyggingu Jaðarsbakkalaugar eða sett niður við suður-enda Akraneshallar og samnýta geymslur, grófa búningsaðstöðu, sturtur, tengja sjósundi, Langasandi, undirstrika “túrisma” í tengslum við fjölskyldur og sport.

10. Hestamenn – Endurbygging reiðvallar, búið að veita 4 milljónum í verkefnið (vor 2010). Malbikun á bílastæði við félagsheimili (óefnt loforð hjá Akraneskaupstað) Hestakerrustæði

11. UMF. Skipaskagi – Grunn frjálsíþróttaaðstaða (400 mtr. hlaupabraut, kasthringur, langstökksgryfja ofl.) (2012-2013)

12. Þjótur – Ávallt skal huga að aðstöðu fatlaðra í íþróttamannvirkjum bæjarins

Forgangsroðun langtímapörf

1. Fimleikahús – í tengslum við væntanlegan skóla í Skógarhverfi.
2. 50 mtr. 8 brauta innisundlaug – í tengslum við væntanlegan skóla í Skógarhverfi.
3. Tengibygging á Jaðarsbökkum, yfirbygging sundlaugar með metnaðarfullu útsvæði. Það er mjög mikilvægt fyrir alla hagsmunaðila að kortleggja uppbyggingu skóla- og íþróttamannvirkja til lengri tíma.

Akranesbær er eins og fjölskylda sem hefur sínar tekjur til að ráðstafa í langtíma farsælt líf hennar, skapa öryggi, sjálfstraust, menntun, sjálfstæði og almenna vellíðan. Fjölskyldan vill ekki skulda um of til þess m.a. að tryggja sjálfstæði og forræði sitt. Besta markaðssetning sveitarfélags m.a. með fjölgun íbúa í huga og treysta öflugra þjónustu og menningu er það þegar íbúar þess finna fyrir öryggi þ.e. vinnu- og umhverfislega, heilbrigðu umhverfi, öflugum forvörnum og metnaðarfullum skólum, notalegu viðmóti og fordómaleysi nágrannans. Við teljum farsælt að reyna að framkvæma alltaf eitthvað á hverju ári, samanber reynslu síðustu 10 ára. Við viljum sjá skynsama uppbyggingu til lengri tíma í anda fjölskyldunnar þannig að það verði líka til ráðstöfunar fjármagn til að styðja við rekstur hennar þ.e. í þessu tilfelli íþróttáæskulýðs- og skólastarfið.” Þrátt fyrir að ekki séu í hendi neinar stórfamkvæmdir á næstunni þá er mikilvægt að ákveða með afgerandi hætti hvað skuli framkvæmt næst í uppbyggingu íþróttamannvirkja þannig að framtíðarsýnin sé skýr og að félögin viti hvar þau standi. Mikilvægt að íþróttahreyfingin taki þessi mál fyrir og komi sér saman um forgangsroðun.

Fjármál ÍA

Heildartekjur aðildarfélaganna ÍA árið 2010 voru um 190 m.kr. Tekjur Íþróttabandalagsins voru um 18,6 m.kr. Samtals eru því tekjur íþróttahreyfingarinnar um 208 m.kr. Rúmlega 16 m.kr. hagnaður var af eiginlegum rekstri aðildarfélaganna. Munar þar mest um að hagnaður GL var um 13,5m.kr. Tap var á rekstri Íþróttabandalagsins uppá um 900 þús.kr. Það er einkum tilkomið vegna framkvæmda í Íþróttamiðstöðinni uppá um 6 m.kr. og var alfarið greitt af Íþróttabandalaginu. Eignir íþróttahreyfingarinnar eru um 180 m.kr. Eignir Íþróttabandalagsins eru um 45,7 m.kr.

þar af er fasteignamats verð í Íþróttamiðstöðinni um 21,4 m.kr.

Launakostnaður er langstærsti útgjaldaliðurinn og er um 51% af útgjöldum íþróttafélaganna. Heildar launakostnaður íþróttafélaganna árið 2010 var um 89 m.kr, þar af er launakostnaður vegna barna og unglingastarfs um 56 milljónir. Kostnaður vegna mótahalds var um 12,8 m.kr. (7%) og kostnaður vegna búninga, áhalda og tækja var 9,4 m.kr (6%)

Framlög og styrkir er stærsti tekjuliður íþróttafélaganna eða um 65 m.kr (34%). Mest eru þetta styrkir sem forsvarsmenn íþróttafélaganna ná að safna saman og oftast en ekki eru þeir háðir einhverskonar framlagi að hálfu íþróttafélagsins á móti. Tekjur af mótahaldi eru um 27,5 m.kr. (15%) og að baki þeim tekjum liggur ómæld vinna hundruða sjálfboðaliða. Á síðasta ári var beinn rekstrarstyrkur Akraneskaupstaðar vegna barna- og unglingastarfs 9,7 m.kr. Hlutdeild aðildarfélaga ÍA af þeim styrk var 8,45 m.kr. (87%) Íþróttabandalagið kom með viðbótarstyrk að upphæð 4 m.kr. Í gegnum tíðina hafa aðildarfélög ÍA verið að fá að meðaltali 85% af styrkhupphæð. Hlutfallsleg skipting hefur haldist nokkuð jöfn á milli aðildarfélaganna og er í takt við iðkendafjölda.

Tekjur vegna æfingagjalda (börn og fullorðnir) eru um 48 m.kr. (25%) Æfingagjöld barna og unglinga ein og sér eru um 35 milljónir. Til samanburðar þá er kostnaður vegna þjálfunar barna og unglinga 59 m.kr. Segja má að æfingagjöld standi undir 60% af þjálfunarkostnaði barna- og unglinga. Tólmstundaávísanir Akraneskaupstaðar sem hægt er að nýta til greiðslu þátttökugjalda í tónlistarskóla og íþrótt- og æskulýðsstarfi er kærkomin búbot fyrir fjölskyldur á Akranesi, þær létta undir útgjöldum og hvetja til þátttöku í íþrótt- og tólmstundastarfi. Að meðaltali eru 78% af þessum ávísunum að skila sér til ÍA og standa undir um 34% af æfingagjöldum. Varasamt er þó að telja þær sem rekstrarstyrk til íþróttafélaganna. Þær auka ekki tekjur þeirra nema að til komi hækkun æfingagjalda. Mikilvægt er því að halda hlutfallslegu jafnvægi á hækkun ávísana og beinna rekstrarstyrkja þannig að hægt sé að halda

æfingagjöldum í lágmarki. Að meðaltali standa æfingagjöld og styrkir undir 75 – 80% af þjálfunarkostnaði barna og unglinga. Það sem uppá vantar (um 15 m.kr) hafa íþróttafélögin aflað sjálf með ýmsum fjáröflunum.

Í tengslum við Innritunardaginn ár er tekið saman yfirlit yfir æfingagjöld einstakra flokka hjá aðildarfélögum ÍA. Sú athugun sýnir að æfingagjöld hækkuðu nánast ekkert 2008 og 2009 og lítilsháttar 2010. Æfingagjald per mánuð eru allt frá 1.000 – 10.000 kr. Að meðaltali er æfingagjald innan ÍA kr. 4.385 á mánuði eða að meðaltali um 42.900 kr. yfir árið (eða veturinn). Erfitt er að bera saman æfingagjöld á milli íþróttagreina þar sem það er mjög misjafnt hvað mikið liggur að baki hjá einstökum félögum eða flokkum eins og td. æfingafjöldi, æfingafatnaður, keppnisútbúnaður, ferðalög og félagsstarf. Þessi samanburður gefur engu að síður ágæta vísbendingu um kostnað foreldra vegna æfingagjalda.

Alltaf er eitthvað um að ekki gangi að innheimta æfingagjöld, hjá sumum félögum getur verið um töluverða upphæð að ræða sem ekki innheimtist. Ástæðurnar geta líka verið margvíslegar eins og td. fjárhagsvandi, trassaskapur, samskiptaleysi, misskilningur eða jafnvel að viðkomandi ætlar sér ekkert að greiða. Ekki eru til staðar samræmd vinnubrögð hjá ÍA varðandi meðferð slíkra tilfella. Nema vera skyldi að hvetja alla þá sem eiga í erfiðleikum að hafa samband við stjórn félagsins áður en ákvörðun er tekin að draga börn úr félaginu eða keppnisferðum. Íþróttafélögin eru án efa öll að vilja gerð að leita lausna ef um greiðsluvanda er að ræða og ekki eru nein dæmi þess að barni hafi verið vísað frá æfingu vegna ógreiddra æfingagjalda.

Æfingagjöld eru ekki eini kostnaðarliðurinn sem til fellur vegna íþróttaiðkunar. Fatnaður, útbúnaður og ferðalög kosta líka sitt. Kostnaðurinn hækkar líka all verulega ef íþróttaiðkandinn er afreksmaður sem er valin í landslið eða vinnur sér þátttökurétt á stórmót. Það er þörf á veglegum afrekssjóði til að geta stutt við afrekssólki okkar. T.d. var kostnaður vegna sundiðkunnar Ingu Elínar á síðasta ári 1, 2 m.kr. Þar af rúm hálf milljón vegna landsliðsverkefna. Árangur í íþróttum er ein okkar allra besta kynning útávið og mótar ímynd bæjarins. Margoft höfum við heyrt í fjölmiðlum þegar talað er um margfalda Íslands- og bikarmeistarar ÍA í knattspyrnu eða sunddrottningar af Skaganum settu nýtt Íslandsmet. Oftast en ekki hefur komið fram að kyllingur frá Akranesi hafi orðið Íslandsmeistari í golfi og karatekona ársins er frá Akranesi. Þetta eru einungis nokkur dæmi af mörgum þar sem íþróttafrek eru tengd við Akranes. Við hljótum að hafa burði og metnað til að styrkja okkar afrekssólk líkt og svo mörg önnur bæjarfélög eru að gera.





Lokaorð

Innan ÍA er 16 íþróttafélög sem bjóða uppá 18 íþróttagreinir, skráðir iðkendur eru um 2.200 og þar af eru rúmlega 1.300 sem eru 18 ára eða yngri. Íþróttamannvirkin eru í stöðugri notkun frá morgni til kvölds allt árið um kring. Í gildi er sameiginleg íþróttastefna ÍA og Akraneskaupstaður sem er frá árinu 1998. Meginmarkmið hennar er “Heilbrigð sál í hraustum líkama” Helstu undirmarkmið eru:

- Virkja sem flesta til þátttöku.
- Taka þátt í almennum forvörnum.
- Taka markvisst þátt í uppeldi barna og unglinga með áherslu á helstu mannigildi í lífinu.
- Byggja upp afreksfólk í íþróttum.

Þetta eru þau markmið sem við höfum sett okkur og reynum að hafa að leiðarljósi. Á þessum rúmum 10 árum sem liðin eru frá því að þessi stefna var samþykkt hefur íþróttageinin fjölgað, iðkendum fjölgað, mörg íþróttafrek unnist og við átt íþróttafólk í fremstu röð. Við komum ágætlega út í forvarnarrannsóknunum og fólki á Akranesi virðist almennt líða vel og vera nokkuð ánægt. Áherslur hafa vissulega sveiflast til með tíðarandanum hverju sinni en við reynum ávallt að vera meðvituð um stöðu mála. Við leggjum okkur fram við að taka virkan þátt í umræðunni og vera með í þeim verkefnum sem verið er að vinna að hverju sinni. Segja má að kjarninn í okkar forvarnarstarfi sé í raun íþróttastarfið sjálft með sínum daglegu æfingum, leikjum, keppnisferðum og félagsstarfi. Almennt er viðurkennt að þeir sem taka reglulega virkan þátt í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi eru síður líkleg til feta ranga braut. Og þeim mun virkari sem krakkar eru í starfinu þeim mun jákvæðari verða niðurstöðurnar. ÍA er það íþróttabandalag sem er með hvað mestu fjölbreytnina af öllum íþróttafélögum.

Við metum ástand þjálfaramála innan ÍA nokkuð gott. Það er ágætis blanda af reyndum og vel menntuðum þjálfurum sem leiða starfið í bland við ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu spor í þessum geira. Það getur verið erfitt að fá íþróttþjálfara. Starfið er krefjandi og oft á mjög ófjölskylduvænum tíma. Það er líka ótryggt og mis vel launað. Menntun þjálfara fer fyrst og fremst fram á vettvangi ÍSÍ, sérsambandanna og aðildarfélaganna sjálfra. Margir af þjálfurum ÍA eru einnig menntaðir íþróttakennarar eða íþróttafraeðingar eins og það heitir í dag. Íþróttabandalagið reynir að koma reglulega inn með því að bjóða uppá námskeið þar sem lögð er áhersla á einhver ákveðin atriði. Stærri aðildarfélögin hafa einnig komið töluvert að fræðslu sinna þjálfara, iðkenda og foreldra þeirra.

Við getum verið afar stolt af því mikla og fjölbreytta starfi sem unnið er á Akranesi, hvort sem það er innan skólanna, Þorpsins eða íþrótt- og tómstundafélaga. Mikil dugnaður og metnaður er lagður í starfið þrátt fyrir takmarkað fjármagn og oft erfiðar aðstæður. Nauðsynlegt er að tryggja betur rekstargrundvöll íþróttafélaganna þannig að þau geti með góðu móti og áhyggjulaust haldið úti öflugum barna- og unglingastarfi. Einnig er þörf á því að styrkja okkar afreksfólk í þeim verkefnum sem þau eru að takast á við. Sömuleiðis er nauðsynlegt að bæta íþróttaaðstöðuna með markvissum og skipulögðum hætti, þar sem fjármagnið er takmarkað.

Íþróttabandalag Akraness þakkar öllum sjálfbodaliðum og starfsmönnum íþróttahreyfingarinnar fyrir ánægjulegt og fórnfúst starf. Við þökkum sömuleiðis öllum velunnurum íþróttahreyfingarinnar á Akranesi og víðar fyrir ómetanlegan stuðning. Horfum bjartsýn til framtíðar og leggjum okkur fram um að starfa áfram af metnaði og þrótti.

Íslands- og/eða bikarmeistarar ÍA 2010

Badminton

Andri Snær Axelsson
Alexandra Ýr Stefánsdóttir
Konráð Freyr Sigurðsson

Keila

Jóhanna Guðjónsdóttir
Natalía G. Jónsdóttir
Steinunn Inga Guðmundsdóttir

Fimleikar

Ástrós Líf Rúnarsdóttir
Íris Tinna Ingólfssdóttir
Svanhildur A. Elínborgardóttir
Júlía Björk Gunnarsdóttir
Sunna Rós Sigmundsdóttir
Helgi Laxdal Aðalgeirsson
Ragna Dís Sveinbjörnsdóttir
Dawn Edelokun V. Simire
Ragna Benedikta Steingrimsdóttir

Skotfimi

Berglind Björgvinsdóttir
Jón Arnar Sigurþórsson
Skúli Freyr Sigurðsson
Steinunn Guðmundsdóttir

Sund

Ágúst Júlíusson
Inga Elín Cryer
Salome Jónsdóttir
Anna Chukwunonso Eze
Arta Haxhiajdini
Birgir Viktor Hannesson
Birna Sjöfn Pétursdóttir
Jón Þór Hallgrímsson
Júlía Björk Gunnarsdóttir
Sindri Freyr Ísleifsson
Yrsa Katrín Karlsdóttir

Frjálsíþróttir

Andri Jónsson
Jófríður Ísdís Skaftadóttir

Golf

Valdís Þóra Jónsdóttir

Hestaíþróttir

Jakob S. Sigurðsson

Karate

Aðalheiður Rósa Harðardóttir

Garpasund

Alexander Eck
Berglind J. Valdimarsdóttir
Bjarney Guðbjörnsdóttir
Jón Hugí S. Harðarson
Vignir Barkarson



66. ársþing ÍA haldið 15. apríl 2010 í Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum

Þingsetning

Sturlaugur Sturlaugsson formaður ÍA setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til þings. Hann lagði til að Ellert Ingvarsson yrði þingforseti og að Halldór Fr. Jónsson tæki að sér að vera fundarritari. Það var samþykkt einróma. Ellert þakkaði traustið og vonaðist eftir að þingið yrði gott og starfsamt. Hann sagðist hafa gengið úr skugga um að löglega hafi verið til þess boðað. Hann fór síðan yfir dag-skrá þingsins og kallaði eftir kjörbréfum.

Kjörbréfanefnd

Þingforseti las upp tillögu um fulltrúa í Kjörbréfanefnd þau: Lárus Ársælsson, Gunnar H Kristinsson og Margrét Ólafsdóttir. Ekki komu fram fleiri tillögur og bað þingforseti Lárus Ársælsson að fara fyrir nefndinni og að hún tæki strax til starfa. Nefndin starfaði hratt og örugglega og gerði Lárus formaður kjörbréfanefndar grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar. Alls bárust kjörbréf frá 14 af 15 aðildarfélögum ÍA, mættir voru 27 þingfulltrúar af 57. Mættir voru fulltrúar frá Badmintonfélagi Akraness, Blakfélaginu Bresa, Golfklúbbnum Leyni, Hestamannafélaginu Dreyra, Hnefaleikafélagi Akraness, Íþróttafélaginu Þjóti, Karatefélagi Akraness, Keilufélagi Akraness, Knattspyrnufélagi ÍA, Sundfélagi Akraness og Ungmennafélaginu Skipaskaga og Vélhjólaiþróttafélagi Akraness. Ekki bárust kjörbréf frá Körfuknattleiksfélagi Akraness. Lárus sagði nefndina hafa farið yfir kjörbréfin og lagði til að þau yrðu samþykkt. Voru þau samþykkt samhljóða.

Skýrsla framkvæmdarstjórnar ÍA

Þingforseti gaf Sturlaugi Sturlaugssyni formanni ÍA orðið til að flytja skýrslu framkvæmdarstjórnar ÍA. Sturlaugur bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna. Í ræðu sinni fór Sturlaugur yfir starfsemi Íþróttabandalagsins á árinu 2009 og stiklaði á stóru í því fjölbreytta íþróttastarfi sem fram fer innan ÍA. Starfið væri stöðugt að stækka og til að mynda var Kraftflytingafélag Akraness stofnað á árinu og sett var á fót glímudeild innan Umf. Skipaskaga. Sturlaugur fór yfir árangur aðildarfélaga ÍA ásamt kjörinu á íþróttamanni Akraness. Hann gerði einnig grein fyrir þeim styrkjum sem veittir voru úr Minningarsjóði Guðmundar Sveinbjörnssonar og kom inná að finna þyrfti leiðir til að efla þann sjóð enn frekar. Sturlaugur þakkaði þeim Haraldi Sturlaugssyni, Friðþjófi Helgasyni og Helga Daníelssyni innilega fyrir þeirra einstaka frumkvæði við að koma á fót ljósmyndasýningunni “Íþróttir í 100 ár” Sýningin væri metnaðarfull og ómetanleg heimild um stórkostlega sögu íþróttar á Akranesi. Nú væri það verkefni hreyfingarinnar að halda áfram að halda utan um söguna og varðveita hana með markvissum hætti.

Sturlaugur þakkaði fyrir aukin framlög Akraneskaupstaðar til barna- og unglingastarfs, bæði með hækkun á ávísunum og hækkun á beinum styrkjum til íþróttar- og tómstundafélaga. Miður væri að sjá að útlit væri fyrir að framlögin verði skorin niður á komandi ári. Sturlaugur gerði grein fyrir fjármálum ÍA. Í gangi væri mikil varnarbarátta í fjármálunum en ánægjulegt væri að sjá að félögin sýndu aðhald og ábyrgð í sínum fjármálum. Jákvaett er að félögin eru skuldlítill og fjármálin í jafnvægi. Sturlaugur gerði skil á þeim verkefnum sem íþróttabandalagið kom að varðandi



heilsuefningu og fræðslu. Íþróttabandalagið hefði áhuga á að efla námskeiðahald og fræðslu enn frekar. Hann gerði einnig grein fyrir þrekstarfsemi ÍA og fagnaði nýjum 2 ára samningi við Akraneskaupstað varðandi þá starfsemi.

Sturlaugur nefndi að íþróttasamningur ÍA við Akraneskaupstað sé nú útrunninn og verkefni framundan að endurnýja þann samning. ÍA er tilbúið til að koma að þeirri vinnu að móta framtíðarsýn varðandi frekari uppbyggingu á sviði íþróttamála á Akranesi. Hann kom einnig inn á aðstöðumálin sem brenna þungt á aðildarfélögum ÍA. Þrátt fyrir óvissu í fjármálum verður að halda áfram að huga að framtíðinni og leita hagkvæmari leiða til uppbyggingar. Almennt eru samskipti ÍA og Akraneskaupstaðar góð. Báðum aðilum er mikið í mun að íþróttastarfið á Akranesi sé þróttmikið og bæjarbúum til heilla.

Sturlaugur hvatti alla til þess að hafa jákvætt hugarfar í nálgun sinni á þeim viðfangsefnum sem við er að glíma hverju sinni. Það auðveldaði verkið og smitaði út frá sér. Að lokum þakkaði hann öllum þeim fjölmörgu sem koma að starfi íþróttahreyfingarinnar á Akranesi á einn eða annan hátt.

Ársreikningar ÍA

Næst gaf þingforseti ÍA Jóni Þór Þórðarsyni íþróttafulltrúa ÍA orðið til að fara yfir ársreikninga ÍA. Jón Þór gerði grein fyrir ársreikningum íþróttabandalagsins fyrir árið 2009 og skýrði þar út helstu liði. Hann fór einnig yfir fjárhagsáætlun bandalagsins fyrir árið 2010 og gerði grein fyrir ársreikningum í tengslum við Minningarsjóð Guðmundar Sveinbjörnssonar. Þingforseti þakkaði Jóni Þór fyrir og gaf orðið laust um ársskýrslu og ársreikninga. Fleiri kváðu sér ekki hljóðs undir þessum lið og bar þingforseti því ársskýrslu og ársreikninga upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ

Því næst gaf þingforseti Ólafi Rafnssyni forseta ÍSÍ orðið. Ólafur bar ÍA kveðju frá framkvæmdastjórn ÍSÍ. Honum fannst gaman að sjá að búið er að stofna Kraftlyftingafélag Akraness sem frá og með deginum í dag myndi beina erindum sínum til Kraftlyftingasamband Íslands sem einmitt var formlega stofnað þennan dag.

Ólafur hrósaði okkur fyrir gríðarlega öflugt íþróttastarf á Akranesi. Það eru ekki allir sem gera sér grein fyrir þeirri miklu fjölbreytni sem hér er í gangi. Hann þakkaði Sturlaugi Sturlaugssyni enn og aftur fyrir góða og innhaldsríka ræðu varðandi íþróttamálin. Ólafur hrósaði okkur einnig fyrir að sýna ábyrgð í fjármálum. Það væri gríðarlega mikilvægt og ekki sjálfgefið á þessum tímum. Það eru verðmæti í að reka hreyfinguna með þessum hætti og til fyrirmyndar.

Ólafur kom inná samskipti íþróttahreyfingarinnar við sveitarfélögin. Á Akranesi byggjum við vel að því að eiga marga aðila sem þekkja vel til í íþróttahreyfingunni. Íþróttafélögin eru í raun þjónustueining innan samfélagsins og mikið væri til í nálgun Sturlaugs að líta mætti á íþróttahreyfinguna sem einingu innan skipurits bæjarins. Hafa bæri í huga að þeir fjármunir sem verið er að sækja til sveitarfélagsins eru í raun til að standa straum að endur-



gjaldslausri samfélagsþjónustu fyrir sveitarfélagið sjálft. Vissulega væru þrengingar og þakka ber fyrir það sem vel er gert. Nú skipti mestu að finna bestu lausnir við að nýta fjármuni og vera hófleg í kröfum. Vonaðist Ólafur eftir því að ÍA og Akraneskaupstaður næðu saman góðum samningum í þágu bæjarbúa.

Ólafur kom einnig inná þau verðmæti sem felast í sjálfbærni og þeim mannauði sem er innan hreyfingarinnar. Þetta væri auður sem engin kreppa tæki frá okkur. Þau gildi sem íþróttahreyfingin stendur fyrir skipta máli og eru forsenda þess að fá fólk til þátttöku í hreyfingunni hvort sem um er að ræða iðkendur, þjálfara, sjálfbærni eða afreksfólk. Að lokum vonaðist Ólafur eftir að þingið yrði gagnlegt, að þingfulltrúar skiptist á skoðunum, taki lýðræðislegar ákvarðanir og gangi einhuga af þingi. Að lokum ítrekaði Ólafur þakkir sína og óskaði okkur velfarnaðar. Þingforseti þakkaði Ólafi fyrir hlý orð í okkar garð.

Gunnar Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar

Þingforseti gaf Gunnari Sigurðssyni, forseta bæjarstjórnar orðið. Gunnar bar fyrir kveðju frá bæjarstjórn Akraness og þakkaði fyrir gott starf. Hann lýsti ánægju sinni með svo efnismikla skýrslu og rifjaði upp þá tíð þegar hann var að byrja að þá voru íþróttafélögin þrjú. Gunnar kom inná að ágætt samstarf og sátt hafi ríkt um niðurskurð. Lýsti hann ánægju sinni yfir því að tekist hefði að verja ávísanir og styrk til íþróttar- og tómstundafélaganna. Sárt hafi verið að hætta við útboð á nýrri sundlaug en eftirá að hyggja má segja að það hafi verið skynsamlegt þar sem staða bæjarins gæti hafa orðið mun verri ella. Það var líka sárt að þurfa að skera niður opnunartíma íþróttamannvirkjanna en vonandi næðist það fljótt til baka. Þrátt fyrir kreppu væru ýmis jákvæð teikn á lofti og vonandi tekið á fleiri verkefnum innan skamms. Mikilvægt væri að forgangsraða og koma sér saman um hvað á að byggja til framtíðar. Gunnar lýsti áhuga bæjarins á að efla Minningarsjóð Guðmundar Sveinbjörnssonar, verið væri að vinna að því máli og vonandi fengi það farsælan endi. Að lokum óskaði hann ÍA

velfarnaðar í framtíðinni. Þingforseti þakkaði Gunnari fyrir góð orð í okkar garð.

Sturlaugur Sturlaugsson, formaður ÍA

Sturlaugur Sturlaugsson hvað sér hljóðs og þakkaði Ólafi og Gunnari fyrir hlý orð í okkar garð. Einnig hrósaði hann aðildarfélagunum fyrir þeirra þátt og fannst kraftaverki líkast að tekist hafi að halda sjó í þessu árferði. Sturlaugur lýsti þó áhyggjum sínum á því að margir af þeim sem staðið hafa í fremstu víglínu færu að þreytast. Það væri lýjandi að hafa stöðugar áhyggjur af því hvort félagið ætti fyrir launum þjálfara um næstu mánaðarmót ofan á allt annað er fylgir því að halda úti starfi íþróttafélags.

Skattur til ÍA

Þingforseti gat þess að ÍA hefði ekki rukkað aðildarfélag sín um neinn skatt undanfarin ár og lagði til að svo yrði áfram. Tilaga þess efnis að skattur til ÍA yrði áfram 0 var samþykkt samhljóða.

Ný aðildarfélag í ÍA

Þingforseti kynnti á þinginu að Kraftlyftingafélag Akraness hafi sótti um aðild að ÍA. Félagið hafi farið í gegnum umsóknarferli og fengið samþykki að hálfu ÍSÍ. Hann lagði fram þá tillögu að Kraftlyftingafélag Akraness fengi staðfesta aðild að ÍA og var hún samþykkt samhljóða.

Kosning framkvæmdarstjórnar ÍA

Þá var komið að því að kjósa í framkvæmdastjórn ÍA. Þingforseti las upp tillögu til formanns og varaformanns þá Sturlaug Sturlaugsson og Ellert Ingvarsson, sú tillaga var samþykkt með lófaklappi. Tillaga um aðra í framkvæmdastjórn: Guðlaug Sverrisdóttir, Halldór Fr. Jónsson og Hildur Karen Aðalsteinsdóttir. Tillaga að varamönnum þau: Margrét Ákadóttir og Hugl Harðarson. Þessar tillögur voru einnig samþykktar einróma.

Tillaga um félagskjörna skoðunarmenn þá: Bergþór Guðmundsson og Kára Stein Reynisson, þeir voru samþykktir einróma. Tilnefning fulltrúa á ÍSÍ þing var vísað til framkvæmdastjórnar ÍA. Tillaga um stjórn Minningarsjóðs Guðmundar Sveinbjörnssonar þau: Sturlaugur Sturlaugsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Guðlaug Sverrisdóttir,



hefði nýverið hlotið æskulýðsbikar Landsambands hestamanna fyrir sitt starf í æskulýðsmálum.

Ellert Ingvarsson þingforseti notfærði sér aðstöðu sína og kom á framfæri þeirri ábendingu að aðildarfélag ÍA notuðu sem mest ÍA nafnið í keppni og komi fram undir merkjum ÍA. Sérstaklega vildi hann koma þessu á framfæri við ný aðildarfélag ÍA sem eru að skapa sína hefð. Honum þætti leitt að það kæmi ekki skýrt fram tenging við ÍA og Akranes þegar keppnisfólk af Akranesi er að vinna til verðlauna. Vildi hann koma þessari vinsamlegu ábendingu á framfæri.

Viktor Viktorsson frá GL hvað sér hljóðs og vildi koma fram því sjónarmiði að ÍA og aðildarfélag þess huguðu meira af því að virkja almenning til þátttöku í íþróttum. Mikil áhersla sé lögð á barna- og unglingastarf sem er gott og vel, en engu að síður mætti leggja áherslu á hreyfingu almennings. Rannsóknir styðji það að hreyfing sé eitt besta geðlyf og sagðist hann þekkja það vel í starfi golfklúbbsins hversu hressandi golfhringur getur verið fyrir líkama og sál. Í starfi sínu fyrir VR sagðist hann þekkja til þess að markviss hvatning til hreyfingar skilaði sér í bættri heilsu og aukinni þátttöku í samfélaginu. Að lokum ítrekaði Viktor það að íþróttafélagin samræmdu eins og kostur er æfingatíma iðkenda þannig að æfingar sama aldurshóps sköruðust sem minnst. Þannig geta þeir sem vilja, haft tök á því að vera í fleiri en einni íþróttagrein.

Skafti Steinólfsson frá Umf. Skipaskaga hvað sér hljóðs og kom á framfæri ósk sinni að bætt yrði aðstaða til frjálsíþróttaiðkunar utanhúss. Honum fannst mikilvægt að íþróttabærinn Akraness hefði viðunandi frjálsíþróttastöðu utanhúss. Að komið yrði upp hlaupabraut og kastastöðu þannig að bærinn hefði möguleika á að sækja um að halda unglingalandsmót.

Sturlaugur Sturlaugsson fagnaði þeim styrk sem Dreyri fékk varðandi uppbyggingu á sinni aðstöðu, vonandi sé þetta vísirinn að því sem koma skal varðandi aðstöðumál. Hann tók heilshugar undir með Viktori um að efla almenningsíþróttir. Íþróttabandalagið hefur unnið í þessum anda m.a. með rekstri líkamsræktarstöðvar og námskeiðshaldi. Sturlaugur sagði að spennandi væri að sækja um að halda Unglingalandsmót, frjálsíþróttasvæði væri nánast það eina sem vantar uppá íþróttastöðuna fyrir slíkt mót. Búa þyrfti til sýn varðandi það að klára Jaðarsbakkasvæðið. Hann svaraði einnig fyrirspurn Sigrúnar um að hægt væri að kaupa minningarkort í Pennanum. Hann nefndi líka að við uppfærslu á heimasíðu ÍA yrði gert ráð fyrir hægt sé að kaupa minningarkort beint á netinu. Sturlaugur kom einnig inná að huga þyrfti að bættri aðstöðu ÍA í íþróttamiðstöðinni. Nýlega væri búið að endurnýja borð, en fleira þyrfti að laga og koma í betra horf. Huglaug þyrfti að því að koma íþróttasýningunni fyrir í íþróttamannvirkjunum.

Aðstöðumál ÍA

Jón Þór Þórðarson íþróttafulltrúi ÍA fór yfir þá íþróttastöðu sem til staðar er á Akranesi, nýtingu á tímum og þær leikreglur sem gilda varðandi skiptingu á tímum. Farið var yfir aðstöðumál hvers aðildarfélags fyrir sig og tilgreindar þær þarfir sem félagin hafa varðandi sína

íþróttagrein. Þingforseti þakkaði Jóni Þór fyrir erindið og gaf orðið laust

Sævar Haukdal formaður Fimleikafélags Akraness hvað sér hljóðs og fór yfir aðstöðumál félagsins. Hann byrjaði á því að þakka Akraneskaupstað fyrir 1,5 milljóna króna styrk sem félagið fékk nýverið til áhaldakaupa. Fimleikum fylgir mikið af áhöldum og fer mikill tími iðkenda og þjálfara í að setja upp og ganga frá áhöldum fyrir og eftir æfingar. Þetta brölt fer mjög illa með áhöldin og endast þau skemur. Sævar kom inná að ekki sé nægjanlegur tími í íþróttahúsinu fyrir allt það starf sem FIMA vildi sinna og vonaðist eftir að opnunartími íþróttamannvirkjanna yrði endurskoðaður strax í haust. Sævar lýsti því yfir að Fimleikafélagið væri opið fyrir að skoða allar þær leiðir sem mögulegar eru til úrbóta fyrir félagið. Bætt aðstaða fyrir fimleika myndi líka skapa öðrum félögum tækifæri þar sem það myndi auka mjög æfingatíma í íþróttahúsinu við Vesturgötu. Sævar vonaðist eftir að málið yrði skoðað áfram með markvissum hætti og vonandi fengi fimleikafélagið úrbætur sem allra fyrst.

Guðmundur Páll Jónsson, bæjarfulltrúi hvað sér hljóðs og byrjaði hann á að þakka fyrir að fá að sitja þingið. Hann sagði að töluverð óvissa ríkti um fjármál bæjarins. Töluverður vandi væri á höndum næstu árin og sýna þyrfti fyllstu varkárni. Guðmundur rifjaði upp að mikið af núverandi íþróttamannvirkjum hafi verið byggð upp í sjálf-boðavinnu og á mjög hagkvæman hátt. Hann sagði að við yrðum að hafa kjark til að skoða nýjar leiðir sem uppfylla bæði fjárhagsleg- og íþróttaleg markmið. Mikilvægt sé að það náist góð samvinna milli íþróttahreyfingarinnar og Akraneskaupstaðar varðandi þessi mál.

Gunnar Sigurðsson forseti bæjarstjórnar hvað sér hljóðs. Hann þakkaði fyrir þessa samantekt, sumt sem fram kom hafi komið sér á óvart. Sum af þeim atriðum sem nefnd voru taldi Gunnar vera minniháttar og hægt væri að klára þau fljótt og örugglega. Næsta skref væru síðan að fara yfir heildarstöðuna og forgangsraða verkefnunum. Gunnar tók undir með Guðmundi Páli að finna þyrfti hagkvæmar leiðir til lausna á þessum málum.

Þórður Guðjónsson framkvæmdastjóri Knattspyrnufélags ÍA hvað sér hljóðs. Þórður byrjaði á því að þakka fyrir Akraneshöllina sem væri stórkostlegt íþróttamannvirki sem nýtist mjög vel. Tilkoma hallarinnar hafi líka rýmkað til fyrir önnur félög sem hafi náð að vaxa og dafna eins og t.d. Fimleikafélagið. Þórður kom inná að uppbyggingu knatt-

spyrnusvæðisins á Jaðarsbökkum og nefndi að ástand þess nú sé ekki boðlegt til keppni fyrir börn og unglinga. Rekja má slæm íþróttaslýs beint til ástand svæðisins. Þórður var vonsvikin með að ekki skuli hafa náðst saman með Akraneskaupstað um framkvæmda- og rekstrarsamning. Fullyrti hann að Knattspyrnufélagið gæti farið í væntanlegar framkvæmdir tengdar knattspyrnu á mun hagkvæmari hátt en Akraneskaupstaður. Til upplýsingar nefndi hann styrk annarra sveitarfélaga til knattspyrnufélaga vegna rekstur knattspyrnuvalla, þar eru mun hærri upphæðir um að ræða en á Akranesi.

Sturlaugur Sturlaugsson hvað sér hljóðs. Hann lýsti ánægju sinni yfir hvað forsvarsmenn bæjaryfirvalda eru jákvæðir í garð íþróttahreyfingarinnar. Það er allra hagur að bærinn byggji uppá skynsaman hátt en það má ekki bara einblína á fjárfestingar. Líka þarf að huga að rekstrarþættinum í starfi íþróttahreyfingarinnar. Sturlaugur sagðist óttast að hreyfingin hefði ekki þrek til að reka sig með óbreyttum hætti til margra ára og jafnframt standa undir þeim kröfum sem til hennar eru gerðar. Árið 2011 gæti jafnvel orðið enn erfiðara en 2010. Hreyfingin þarf í kringum 50 milljónir til að tryggja sinn grunnrekstur. M.a til að geta áhyggjulaust greitt þjálfaralaun um hver mánaðarmót. Sturlaugur sagði að framkvæmdastjórn ÍA væri reiðubúin að koma að þeirri vinnu að draga saman atriði varðandi aðstöðumálum og leggja drög að nýjum rekstrarsamning. Sá tími kæmi að taka þyrfti afstöðu um hvað við viljum gera varðandi forgangs röðun. Þessir hlutir hafa sem betur fer verið leystir á farsælan hátt í gegnum tíðina. Við þurfum að vera opin fyrir að skoða nýjar lausnir varðandi framkvæmdir eins og t.d. mjúkhýsi. Það gæti verið álitleg lausn þrátt fyrir að gæðin sé ekki þau sömu og við erum vön og þekkjum.

Þingslit

Þingforseti þakkaði fyrir gott þing og fól Sturlaugi Sturlaugssyni að slíta þinginu. Sturlaugur hrósaði aðildarfélagunum fyrir þá ómældu vinnu og það kraftaverk sem þau eru að vinna. Hann þakkaði fyrir góða kosningu og jafnframt þakkaði hann Ellerti fyrir forsetastörfin og Jóni Þór fyrir samantektina í árskýrslu ÍA. Óskaði hann öllum aðildarfélagunum velfarnaðar og hvatti þau til að láta vita ef það er eitthvað sem framkvæmdastjórnin gæti orðið að liði með. Að lokum þakkaði Sturlaugur fyrir gott þing og sleit 66. ársþingi ÍA.

Ársskýrslur aðildarfélaganna

Badmintonfélag Akraness

Aðalfundur Badmintonfélags Akraness var haldinn í Íþróttamiðstöðinni að Jaðarsbökkum 24. mars 2010. Á aðalfundinum var ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir. Nokkrar breytingar urðu á stjórn félagsins frá fyrra ári. Laufey Sigurðardóttir, formaður til margra ára, gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku og í hennar stað var kosin Svanborg Þórdís Frostadóttir. Aðrir í stjórn voru kosnir Kristín Halldórsdóttir gjaldkeri, Írena Jónsdóttir ritari, Anna Kristjánsdóttir meðstjórnandi og Einar Mariasson meðstjórnandi í stað Guðlaugs Gunnarssonar.

Iðkendur á tímabilinu voru tæplega 100 talsins sem skiptust í 4 flokka eins og undanfarin ár, auk trimmara. Nokkuð svipaður fjöldi er í hverjum flokki og hefur nýliðun gengið ágætlega. Félagið hefur átt miklu láni að fagna undanfarin ár í þjálfaramálum og var engin breyting á því í ár. Aðalþjálfari 1. flokks var Broddi Kristjánsson. Aðalþjálfari 2,3 og 4 flokks var Helgi Magnússon og aðstoðarþjálfarar Írena Jónsdóttir, Helgi Grétar Gunnarsson og Karitas Eva Jónsdóttir.

Badmintonfélag Akraness stóð fyrir þremur opnum badmintonmótum á árinu. Atlamótið var haldið í októberbyrjun 2010 þar sem keppt var í meistara-, A og B flokki fullorðinna. Grislinga-mótið í janúar 2011 og Landsbankamót ÍA, unglíngamót í febrúar 2011. Öll mótin gengu mjög vel fyrir sig og árangur keppenda góður. Eftir vel heppnað Grislingamót þar sem elstu krakkarnir voru mjög dugleg að hjálpa til. Halldór Axel, Björn og Tryggvi Björn

Iðkendur félagsins tóku þátt í fjölda annarra móta á árinu, bæði unglíng- og fullorðinsmótum og hafa staðið sig mjög vel. Góður árangur hefur náðst, krakkarnir hafa tekið miklum framförum og unnið til fjölda verðlauna á mótunum. Þá eru ávalt nokkrir iðkendur sem einungis vilja æfa en sleppa keppnum og mikil áhersla er lögð á að það sé í lagi. Badmintoníþróttin sker sig nokkuð frá öðrum íþróttagreinum varðandi möguleika foreldra til að taka þátt í æfingum með börnum sínum. Opnir æfingatímar á sunnudögum hafa verið mjög vel nýttir og ánægjulegt að sjá fólk á öllum aldri spila saman.

Stærsta badmintonmót ársins, Íslandsmót unglínga, var haldið á Siglufirði og Ólafsfirði (Fjallabyggð) 5–6 mars s.l. og fóru margir sína fyrstu ferð þá í gegnum hin nýju Héðinsfjarðargöng. Frá Akranesi fór tæplega 40 manna hópur, þar á meðal pabbar, mömmur og afi. ÍA keppendur stóðu sig öll mjög vel og unnu til fjölda verðlauna. Við eignuðumst 3 Íslandsmeistara og fengum 11 silfur. Íslandsmeistarar félagsins eru: Andri Snær Axelsson, sem vann gull í einliðaleik snáða U 11 ára. Alexander Örn

Kárason og Steinar Bragi Gunnarsson, sem unnu gull í tvíliðaleik hnokka U13. Mótið gekk í alla staði mjög vel en alls kepptu 213 á mótinu, frá 11 félögum.

Næsta stórmót er Meistaramót Íslands, 9. – 10. apríl n.k. en þar munu allir elstu og bestu keppendur félagsins taka þátt. Síðasta mót ársins er Akranesmeistaramótið 8. maí, sem lýkur svo með lokahófi félagsins.

Eins og undanfarin ár átti félagið marga fulltrúa í landsliðum Íslands og fóru þeir reglulega á æfingar og í ferðar á vegum landsliðsins. Í A-landsliðshópnum er Una Harðardóttir. Í U19 og U17 landsliðshóp er Halldór Reynisson, Steinn Þorkelsson, Jóhannes Þorkelsson, Snorri Kristleifsson, Konráð Freyr Sigurðsson, Alexandra Ýr Stefánsdóttir. Í U13 og U15 æfingaúrtakshóp eru Andri Snær Axelsson, Alexander Örn Kárason, Steinar Bragi Gunnarsson, Matthías Finnur Vignisson, Árni Teitur Þrastarson, Elvar Már Sturlaugsson, Dalrós Sara Jóhannsdóttir, Halldór Axel Axelsson, Helgi Grétar Gunnarsson, Daníel Þór Heimisson, Tryggvi Björn Guðbjörnsson, Guðjón Snær Einarsson. Æfingabúðir á vegum landsliða fyrir Ísland, Grænland og Færeyjar voru haldnar í Færeyjum í október 2010 og átti félagið einn fulltrúa í U13, Steinar Braga Gunnarsson og einn þjálfara, Irenu Jónsdóttur.

Rekstur félagsins gekk vel. Auk æfingagjalda voru helstu fjáraflanir eldhús- og salernispappírssala og dagatal. Mikilvægt er að allir iðkendur séu duglegir að sinna fjáröflunum því þannig höldum við m.a. æfingagjöldum lágum. Stuðningur Landsbanka Íslands á Akranesi, Akraneskaupstaðar og ÍA er félaginu mjög mikilvægur.



Blakfélagið Bresi

Starfsemi blakfélagsins Bresa var með líku sniði og undanfarin ár. Aðalfundur var haldin 8. apríl 2010 með hefðbundnu sniði í íþróttahúsinu að Jaðarsbökkum og var mæting góð.

Rósa Halldórsdóttir gaf ekki kost á sér sem gjaldkeri. Ragnheiður Ragnarsdóttir var kosin gjaldkeri. Stjórn blakfélagsins Bresa er því þannig skipuð: Steindóra Steinsdóttir formaður, Jóna Björg Olsen ritari og Ragnheiður Ragnarsdóttir gjaldkeri. Við þökkum Rósu fyrir vel unnin störf. Endurskoðendur eru Hrefna Guðjónsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir.

Skráðir félagar eru um 30.

Æfingar

Æfingar hófust um mánaðarmótin ágúst/september að fullum krafti líkt og undanfarin ár og er æft á Jaðarsbökkum. Æfingar eru á mánudögum kl:20:30 og á fimmtudögum kl:20:00 að Jaðarsbökkum. Karlablak er á mánudögum kl:21:15 og fimmtudögum kl: 21:00.

Keppni

Bresi sendi tvö lið til leiks í Íslandsmótinu í blaki 3.deild. Þegar þetta er ritað stendur keppni ennþá yfir.



Hraðmót

Kvennalið Bresa tók þátt í 6 hraðmótum á árinu 2010.

Trimmmót HK	2 lið
Brosmót Aftureldingu	1 lið
Kjörismót Hamars	1 lið
Hraðmót Fylkis	1 lið
Haustmót BLÍ	2 lið
Piparkökumót Fylkis	1 lið

Öldungamót

35. öldungamót BLÍ var haldið í Mosfellsbæ 13-15. Maí. Að þessu sinni sendi Bresi 3 kvennalið og var árangur eftirfarandi:

3. deild	3.sæti
5. deild	3.sæti
10.deild	4.sæti

Bresamót og Haustmót BLÍ.

Því miður var ekki næg þátttaka á Bresamótið því urðum við að hætta við það. En við höldum Haustmót BLÍ 2. Okt og voru 16 lið skráð til leiks. Mótið gekk mjög vel og þökkum við öllum þeim sem aðstoðuðu okkur við þetta mót.

Fimleikafélag Akraness

Árið 2010 var ár endurskipulagningar. Á síðasta aðalfundi var fyrri stjórn endurskipulagningar að mestum hluta með þeirri undantekningu að Margrét Ólafsdóttir hvarf úr stjórn eftir áralangt óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Stjórnina skipuðu Sævar Haukdal formaður, Hjörtur Hróðmarsson varaformaður, Pálmi Haraldsson gjaldkeri, Margrét Kristinsdóttir ritari og Bjarki Jóhannesson meðstjórnanndi. Zoltan Demény var ráðinn yfirþjálfari á miðju ári eftir að Maren Elíasdóttir kaus að láta af störfum sem yfirþjálfari og snúa sér að dansþjálfun elstu iðkenda félagsins.

Stjórn félagsins hélt áfram harðri baráttu við að rétta af rekstur félagsins. Það verk gekk sæmilega eins og fram kemur í reikningum félagsins. Fjáraflið stjórnar fólust fyrst og fremst í sölu á jólapappír fyrir síðustu jólin en aðrar fjárafliðir á vegum félagsins voru unnar af Eurogym hóp félagsins og runnu til þess verkefnis. Helstu styrktaraðilar félagsins á árinu voru Norðurál, Íslandsbanki og Íþróttabandalagið. Aðhaldsaðgerðir, fjölgun iðkenda og styrkir til félagsins skiluðu félaginu réttu megin við núllið en betur má ef duga skal. Hagnaður félagsins árið 2010 er ríflega 300 þúsund á móti 700 þús kr hagnaði árið 2009. Nauðsynlegt er að koma þessum hagnaði uppí 1-2 milljónir á ári til að búa til smá sjóð til að takast á við óhjákvæmilegar sveiflur í rekstri.

Öll upplýsingagjöf og skráning hefur verið í endurskoðun síðustu mánuði og það má segja að nú fyrst séu þau mál að komast í eðlilegan farveg. Yfirþjálfarinn hefur tekið að sér allt utanumhald og umsjón vefsíðu. Þjálfarar eru að til-einka sér sömu vinnubrögð og nú eiga öll samskipti að vera rafræn í gegnum tölvupóst samskipti og upplýsingar á vef okkar.



Handbók FIMA var endurútgefinn nú í haust þar sem m.a. má finna nýjan kafla um siðareglur sem stjórn ÍA vill koma inni störf allra aðildarfélaga. FIMA hefur þegar endurskoðað alla meðferð fjármuna félagsins og í þeim anda voru öll þáttökugjöld í mót á vegum félagsins felld inni æfingagjald og því þurfa þjálfarar ekki að taka við og bera ábyrgð á þeim fjármunum á mótum.

Í haust voru tvenn foreldraráð stofnuð, annað þeirra fyrir yngri iðkendur félagsins og hitt fyrir börn á keppnisaldri. Þeir einstaklingar sem þau hlutverk kjósast er ætlað að veita stjórn félagsins og starfsfólki aðhald ásamt því að koma að ýmsum verkefnum á vegum félagsins.

FIMA hóf í lok árs sölu á samræmdum æfinga og upphitunarfatnaði og er stefnan sú að eiga þá á lager eftir fremsta megni. Heildar iðkendafjöldi innan raða FIMA var yfir 360 í lok árs sem er talsverð fjölgun á milli ára. Iðkendafjöldi í yngstu hópnum heldur áfram að vaxa og brottfall eldri iðkenda er mjög lítið. FIMA bauð uppá nýja íþróttagrein nú í haust. Parkour er fyrir bæði kyn frá 8 ára aldri. Ásóknin var strax mikil og var megin uppistaðan unglingar frá 13-18 ára. Nú í upphafi árs hafa komið inn fleiri yngri þátttakendur sem er jákvætt en það hefur um leið aukið pressuna á betri æfingartíma fyrir þennan hóp. Unnið verður að lagfæringu á því nú í sumar m.a. með tvískiptingu iðkenda.

Íþróttaskóli félagsins naut mikilla vinsælda líkt og undanfarin ár en nú á vormánuðum var settur á laggirnar nýr Íþróttaskóli á vegum Latabæjar sem getur orðið ógn við okkar starf. Stjórn FIMA og þjálfarar Íþróttaskólans hafa hins vegar kosið að sjá tækifæri í samkeppninni og fara í endurskoðun á starfseminni með hugsanlegum nýjungum strax í haust. Félagið bauð uppá fimleika námskeið fyrir 12 ára og yngri æfingar fyrir 13 ára og eldri síðastliðið sumar og var þátttakan með ágætum en fyrirhugað að endurskoða fyrirkomulag þessara námskeiða næsta sumar. Þjálfurum félagsins var fjölgað verulega nú í haust og hópar minnkadír og aukin áhersla á einstaklingsbundna þjálfun með getu iðkandans að leiðarljósi. Heildarfjöldi þjálfara og aðstoðarþjálfara var ríflega 25. Vegna þeirrar fjölgunar fjárfesti FIMA í menntun fjölmargra nýrra þjálfara, bæði þjálfunarfræðum sem og dómara réttindum.

FIMA átti fjölmarga keppnishópa í hópfinmleikum á árinu 2010. Árangur félagsins var ekki samkvæmt væntingum og má m.a. rekja ástæður þess að veikindi og meiðsli ollu vandræðum í frekar litlum hópum. Tekin var ákvörðun um að draga elsta hópinn úr Teamgym keppnum þennan vetur og keppa í 3 flokki en mæta þess í stað betur undirbúin haustið 2011. Árangur yngri keppnishópa félagsins var oft með ágætum þó engin verðlaun hafi unnist. Félagið sendi fjölmargar stúlkur og drengi til að taka þátt í einstaklings fimleikum FSÍ og þar kom í okkar hlut alls 18 gullverðlaun í A og B flokki. Þessi árangur sýnir að geta einstaklinga innan félagsins er góð og breiddin sífellt að aukast.

Alls fóru 21 iðkandi á vegum FIMA á Eurogym hátíðina í Danmörku síðastliðið sumar. Allir okkar iðkendur voru sér og félaginu til sóma. Herdís Valdimarsdóttir og Carmen Llorens ásamt þjálfaranum Maren Ósk Elísdóttur héldu utanum hópinn í undirbúningnum og í ferðinni sjálfri og stóðu sig frábærlega. FIMA þakkar þeim sérstaklega fyrir þeirra framlag.

Almennt félagstarf hefur verið aukið og hafa m.a. verið haldin skemmti- og video kvöld fyrir hópana og furðufata-æfingar voru mjög vinsælar.

FIMA tilnefndi Ástrós Líf Rúnarsdóttir til íþróttamanns Akraness fyrir árið 2010 en Ástrós Líf er fyrirmyndar iðkandi og þegar byrjuð að þjálfa yngri iðkendur félagsins.

Golfklúbburinn Leynir

Golfárið 2010 var 45. starfsár Golfklúbbsins Leynis. Tvöfaldur sigur skagamanna á Íslandsmótinu í holukeppni á Garðavelli er án efa einn af hápunktum ársins hér hjá Golfklúbbnum Leyni. Þó svo að Birgir Leifur keppi ekki lengur fyrir GL þá er hann engu að síður heiðursfélagi í klúbbnum rétt eins og Valdís Þóra sem einnig keppir undir okkar merkjum. Mótið var einnig í umsjá okkar og tókst með miklum ágætum þrátt fyrir að keppt væri í fyrsta sinn eftir nýjum reglum. Golfsumarsins verður einnig minnst sem enn einu blíðviðrissumrinu þar sem góðviðrið virtist engan enda ætla að taka og þess vegna flyktust skagamenn sem aðrir út á Garðavöll sem skartaði sínu fegursta, til að leika golf. Ekki má gleyma ótrúlegu vallarmeti sem sett var á Garðavelli, þegar Birgir Leifur lék völlinn af gulum teigum á 58 höggum! Met sem að öllum líkindum verður aldrei slegið.

Aðalfundur 1. desember 2009

Á aðalfundi GL þann 1. desember 2009 var kosin ný stjórn fyrir núverandi starfsár 2010.

Úr stjórn gengu:

- Formaður til eins árs: Viktor Elvar Viktorsson
- Stjórnarmenn til tveggja ára: Halldór Hallgrímsson og Eiríkur Jónsson

- Varamaður til eins árs: Heimir Fannar Gunnlaugsson
- Kosnir í nýja stjórn fyrir starfsárið 2010 voru:
- Formaður til eins árs: Viktor Elvar Viktorsson.

- Stjórnarmenn til tveggja ára: Halldór Hallgrímsson og Eiríkur Jónsson.

- Varamaður í stjórn til eins árs: Ella María Gunnarsdóttir

Áfram sátu Hörður Kári Jóhannesson og Tryggvi Bjarnason, kosnir til 2 ára.

Aðalfundur fór fram með hefðbundnum hætti. Þó ber að taka fram að ákveðinnar óánægju gætti meðal fundarmanna vegna ástands Garðavallar sumarið 2009. Var ákveðið að stjórn GL myndi halda félagsfund um málið. Er nánar vikið að því síðar.

Starf stjórnar á árinu

Haldnir voru 9 formlegir bókfærðir fundir stjórnar GL auk óformlegra funda og spjalls stjórnarmanna á milli sem og tölvupóstsendingar en mikil og góð samskipti stjórna-manna fara þannig fram. Skuldastaða klúbbsins var af og til uppi á borðum stjórnar eins og síðustu ár. Því miður hefur lítið breyst í þeim efnum en þó hefur verið ágætis samstarf við lánadrottinn og því hafa afborganir ekki komið niður á starfi klúbbsins. Þau mál hljóta að skýrast á næstu miss-erum.

Mestur tími stjórnar fór hinsvegar í að tryggja framgang vélarskemmuþýðingar við Garðavöllum. Gerður var samningur við Akraneskaupsstað á vordögum um byggingu 240 fermetra vélarskemmu á athafnarsvæði klúbbsins austan við 2. braut. Þegar ný bæjarstjórn tók svo við heyrði stjórn GL af áhuga bæjarfulltrúa að ganga lengra og tryggja byggingu fullra 500 fermetra vélarskemmu. Þ.e. skemmu sem myndi nýtast klúbbum eins og upphaflega hafði verið áætlað. Stjórn GL fagnaði þessum áhuga bæjarfulltrúanna og hófust viðræðu um það hvernig best væri að standa að verkinu. Hefur sú umræða verið þó nokkur og tekið nokkrar snarpar beygjur, stjórn GL er þess þó fullviss að þrátt fyrir tafir í málinu muni þessi stefnubreyting skila klúbbum betra húsnæði til lengri tíma lítið.

Stjórnin ákvað einnig að minnast 45 ára afmælis klúbbsins nú í lok sumars. Haldinn var opin dagur þar sem bæjarbúum var boðið að koma og kynnst starfsemi klúbbsins auk þess sem Garðavöllur var opin fyrir þá sem vildu koma og prófa að spila golf. Nokkrir kylfingar tóku vini og með sér á völlinn og spiluðu nokkrar holur. Einnig komu þó nokkrir og tóku þátt í puttítti á putt vellinum okkar. Bauð klúbburinn gestum síðan í kaffi og kökur. Nokkrir bæjarfulltrúar þáðu svo boð okkar um að rölja með Hannesi hönnuði Garðavallar um svæðið til að átta sig á hvert klúbburinn stefnir í uppbyggingu þessa fallegasta íþróttamann-virkis Akraneskaupsstaðar.

Samstarfssamningur við GR

Þriðja sumar samstarfssamning GL og GR var það besta hingað til. Á aðalfundi ársins 2009 bar á nokkurri óánægju með umhirðu Garðavallar og ástand hans, auk annarra skipulagsmála á milli klúbba. Var af þeim sökum haldin félagsfundur þar sem félagsmenn komu óánægju sinn á framfæri og málin rædd hispurslaust. Í kjölfar þess fundar fundaði stjórn GL með framkvæmdarstjóra GR og



vallarstjóra Garðavallar þar sem málin voru rædd og þeim komið í réttan farveg. Það er mat stjórnar GL að samningur okkar við GR sé eitt mesta gæfuspor sem stigið hefur verið hjá klúbbum. Það nægir að líta á rekstrarreikninga árána áður en samningurinn var gerður og bera saman við rekstrarreikninga árána á undan til að sjá ástæðuna. Gallharðar staðreyndir sem tala sínu máli burt séð frá því hverjar tilfinningar manna eru gagnvart samningnum og/ eða Golfklúbbi Reykjavíkur.

Störf nefnda

Nefndastarf var með hefðbundnum hætti starfsárið 2010. Starfandi nefndir voru Barna- og unglinganefnd, afreksnefnd, kvennanefnd, vallarnefnd, forgjafanefnd og mótanefnd. Reynt var að stofna skemmtinefnd en lítið varð úr starfi þeirrar nefndar. Hjálagaðar eru skýrslur nefnda.

Keppnisgolf og afreksfólk

Valdís Þóra var kjörin Íþróttamaður Akraness í byrjun árs 2010, þriðja árið í röð. Hún sigraði á stigamótaröð GSÍ og bætti öðrum Íslandsmeistaratitli í safnið þegar hún sigraði Íslandsmótið í holukeppni hér á Garðavelli. Valdís tók einnig þátt í landsliðsverkefnum á vegum GSÍ eins og árið áður. Því miður fótbrotnaði hún nú í haust og gat af þeim sökum ekki leikið með landsliðinu í Ástralíu. Hún er þó óðum að ná sér og hóf að leika að nýju í byrjun nóvember.

GL sendi sveit karla og kvenna til leiks í Sveitakeppni GSÍ. Karlarnir léku í 2. deild sem fram fór á Kiðjabergsvelli. Liðið lék ágætlega en náði ekki að komast upp í 1. deild. Konurnar léku í Leirdalnum hjá GKG og stóðu sig frábærlega meðal þeirra bestu í 1. deild. Þær voru í raun og veru ekki langt frá því að komast í undanúrslit, en héldu sæti sínu í deildinni örugglega.

Karlasveit öldunga 55 ára og eldri lék á Akureyri. Sveitinni gekk ekki nóg og endaði fyrri neðan miðjan hóp.

Félagafjöldi

Annað árið í röð fjölgaði félagsmönnum í GL. Gott veður og frábær völlur spilar þar væntanlega stórt hlutverk þrátt fyrir að efnahagsástand og hrakspár um fækkanir. Félagsmenn í GL voru 440 á árinu en voru 394 árið 2009. Nýskráningar voru 90 og eftir því sem gögnin okkar segja hafa félagsmenn GL aldrei verið fleiri.

Mótahald

Mótahald gekk ótrúlega vel sumarið 2010. Árið 2009 var algert metár í mótahaldi hjá GL en sumarið 2010 sló það út. Sú mikla þátttaka sem var í mótum GL þetta sumarið skýrist að einhverju leiti af góðri reynslu félagsmanna af mótahaldi árið áður. Einnig var veður einstaklega gott og starf mótanefndar var með miklum ágætum þetta sumarið. Líkt og undanfarin sumur færðust opin mót yfir til GR en GL hélt hefðbundin innanfélagsmót auk þess sem miðvikudagsmót og kvennamót voru haldin. Þó hélt GL nokkur opin mót í samstarfi við GR. Leiknar voru nokkrar mótaraðir sem styrktar voru af HB Granda og Landsbankanum. Tókust þær mótaraðir einstaklega vel og þátttakendafjöldinn aldrei verið meir en í ár.

Mót:	Fj.2010	Fj.2009	Fj. 2008
Innanfélagsmót	52	36	26
Opin mót	3	1	1
GSÍ mót	2	4	2
Alls fjöldi móta	57	41	29

Útleigur	0	0	0
----------	---	---	---

Það ber að taka það fram að útleigur á vegum GL voru engar rétt eins og árin á undan en GR var með skráðar 7 stórar útleigur skv. golf.is.

Meistaramót Leynis var haldið 7. – 10. júlí. Þátttakan fór framfar öllum vonum eins og árið áður og var annað árið í röð fjöldametið sett þar sem 130 félagsmenn tóku þátt. Lokahóf mótsins var síðan haldið í sal Íþróttabandalagsins eins og árið áður þar sem fjöldinn var skálanum okkar um megn. Klúbbameistarar urðu eftirfarandi:

Meistaraflokkur kvenna:	Friðmey Jónsdóttir
1. flokkur kvenna:	Guðrún Ellen Ólafsdóttir
3. flokkur kvenna:	Ella María Gunnarsdóttir
Öldungaflokkur kvenna 50+:	Svanhildur Thorstensen
Meistaraflokkur karla:	Helgi Dan Steinsson
1. flokkur karla:	Jóhann Þór Sigurðsson
2. flokkur karla:	Ásgeir Ólafur Ólafsson
3. flokkur karla:	Jón Ármann Einarsson
4. flokkur karla:	Hallgrímur Þ. Rögnvaldsson
Öldungaflokkur karla 55+:	Reynir Þorsteinsson
Unglingaflokkur 15-18 ára:	Kristinn Gauti Gunnarsson
Unglingafl. 14 ára og yngri:	Elís Rúnar Elísson

Mótanefnd á sérstakar þakkir skildar fyrir vel unnin störf í sumar enda ber fjöldi móta sem og þátttakenda í þeim glöggst með sér að þar hefur verið byggt á góðu starfi ársins á undan og unnið enn betra starf í ár.

Framkvæmdir á árinu 2010

Framkvæmdir á árinu 2010 urðu þó nokkrar. Í fjárhagsáætlun fyrir árið var gert ráð fyrir þó nokkurri fjárfestingu í vellinum. Ítarlega er gert grein fyrir þeim framkvæmdum sem fram fóru í skýrslu vallarnefndar, sem á miklar þakkir skildar fyrir mikla og góða vinnu á árinu. Þó er ekki hægt að sleppa því að minnst sérstaklega á framkvæmdirnar á 11 og 12 braut og þá staðreynd að rúmlega 30 félagar mættu til þess að tyrfa þá landmótun sem hafði átt sér stað þar. Mikil og góð stemming myndaðist á meðal þeirra sem unnu hörðum höndum að lagningunni. Stjórnin vil sérstaklega þakka þeim sem lögðu hönd á plóg þennan laugardagsmorgun.

Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða ársins 2009 er ólíkt undangengnum árum jákvæð. Síðasta ár var hún reyndar „ekki nema“ 400 þús krónur í mínus en í ár er hún jákvæði eins og áður sagði sem nemur rúmlega 13 milljónum. Þetta ótrúlegur viðsnúningur frá fyrra ári sem þó var ágætt. Skýringin er að sjálfsögðu sú að ákveðin frýsting á sér stað á lánum klúbbsins auk þess sem sterkara gengi krónunnar gerir það að verkum að til varð jákvæður gengismunur á lánum klúbbsins. Fjölgun félaga í klúbbum hjálpar svo að sjálfssögðu til við að tekjur klúbbsins aukast á milli ára og svo hin mikil þátttaka félagsmanna í mótum ársins eykur einnig á tekjurnar. Tekjur ársins voru ríflega 31 milljón eða rúmlega 4 milljónum yfir áætlun. Gjöldin voru á móti rúmlega 17 milljónir sem eru nánast sömu gjöld og á árinu á undan en tæplega 4 milljónum undir áætlunum ársins.

Eins og fyrr sagði þá voru skuldamál klúbbsins af og til uppá borðum en engar lausnir hafa boðist á þeim málum og er því enn allt við það sama í þeim málum. Greitt er af lánum klúbbsins eins og um verðtryggt lán sé að ræða eins og lýst var í sömu skýrslu fyrir ári. Staða lánsins er nú 57,8 milljónir en líkt og í fyrra á klúbburinn þó nokkra fjárhæð í handbæru fé.

Starfsmannamál

Starfsmenn GL á árinu 2010 voru 3. Gylfi Sigurðsson framkvæmdarstjóri, Karl Ómar Karlsson Íþróttastjóri og golfkennari og Valdís Þóra Jónsdóttir sem aðstoðaði Karl Ómar við barna og unglingastarfið. Gylfi er eins og áður í hlutastarfi yfir vetrarmánuðina en í fullu starfi yfir sumartímann. Eins og áður hefur verið lagt upp með að félagsmenn GL hafi haft svo gott sem óheftan aðgang að Gylfa óháð árstíðum.

Karl Ómar sinnti barna og unglingastarfinu innan klúbbsins eins og undanfarin ár. Hann kom einnig að starfi afreksskyflinga og sá um nýliðanámskeið fyrir klúbbin, auk þess að hafa umsjón með opnum tímum í Akraneshöllinni og fleira. Eins og undanfarin ár hefur verið mikið líf í barna og unglingastarfinu og hefur þúttgrínið oft á tíðum verið iðandi af lífi þar sem börn og unglingar vippa og þútta hvert í kapp við annað. Slíkt líf er klúbbi eins og GL nauðsynlegt til framtíðar. Fyrir það ber að þakka. Stjórn GL ákvað hinsvegar að segja núverandi samningi við Karl Ómar upp á

haustdögum. Taldi stjórnin að komin væri tími á að endurskipuleggja starfið með það fyrir augum að gera það markvissara og hugsanlega draga úr kostnaði við það. Stjórn GL þakkar Karli Ómari fyrir samstarfið á undanfönum árum og útilokar ekki að samið verði við Karl Ómar að nýju.

Veitingasala

Birgir og Ragnhildur sáu alfarið um veitingarekstur við Garðavöll árið 2010. Gerðu þau það af miklum myndarskap og eiga þakkir skildar fyrir góða þjónustu við félagsmenn GL sem og aðra er heimsóttu Garðavöll sumarið 2010.

Samningar við aðra golfklúbba

Stjórn GL ákvað að gera samning við Golfklúbb Borgarness og um ódýrara spil fyrir félagi í GL sumarið 2010. Fín nýting var á þeim hringjum og greiddi Leynir fyrir 150 hringi á Hamarsvelli sumarið 2010.

Umferð um Garðavöll

Það er mat stjórnar að Garðavöllur hafi sjaldan verið í eins góðu standi í sumar. Einna helst var mikil spretta og þar af leiðandi mikil slægja sem gerði kylfingum gramt í geði, en að öðru leiti var völlurinn til fyrirmyndar. Nýtt met var slegið í fjölda skráðra hringja á vellinum. Leiknir voru 20.467 hringir skv. skráðum rástímum og 2033 mótahringir. Samtals gerir þetta 22.500 hringir sem er eins og áður sagði nýtt met á vellinum. Fjölgun félagsmanna hefur væntanlega eitthvað að segja í þessum tölum, en einnig teljum við að áskorun til félagsmanna okkar um að skrá sig á rástíma hafi nokkuð að segja í þessum tölum auk þess sem eftirlit á vellinum var betra en árið áður, þar sem skráðir hringir í fyrra voru færri en gert hafði verið ráð fyrir.

Fjöldi spilaðra hringja á Garðavelli undanfarin sumur skv. skráningum:

2003: 14.600 hringir
2004: 12.100 hringir
2005: 15.500 hringir
2006: 16.000 hringir
2007: 12.000 hringir
2008: 17.231 hringir
2009: 16.975 hringir
2010: 22.500 hringir

Samskipti við Akraneskaupstað

Samstarfið við Akraneskaupstað var með svipuðu sniði og árin á undan. Skrifað var undir samning um byggingu vél-arhúss á vordögum 2010. Átti að afhenda GL 240 fermetra vélarskemmu þann 1. nóvember síðastliðinn skv. þeim samningi. Eftir að skrifað hafði verið undir samninginn tók ný bæjarstjórn við og lýstu fulltrúar meirihluta þeirrar bæjarstjórnar þeirri skoðun sinni að í stað 240 fermetra skemmur væri nær að ganga alla leið og klára byggingu fullbúinnar 500 fermetra vélarskemmu. Hugnaðist stjórn GL sú umræða vel og hafa staðið yfir viðræður um framkvæmd málsins nú á haustdögum eins og áður var lýst.

Styrktaraðilar

Það er hefur verið stór hluti af rekstri Golfklúbbsins Leynis að treysta á stuðning frá styrktaraðilum og velgjörðamönnum klúbbsins. Með tilkomu samnings GL við GR hefur þörfin þó ekki verið sú sama og áður. Hinsvegar hefur barna og unglingastarf GL notið þess að hafa góða styrktaraðila og er Landsbanki Íslands einn aðal styrktaraðili starfsins líkt og undanfarin ár. Norðurál styrkir starfið einnig sem og Íslandsbanki, Húsasmiðjan og Bónus. Auk þessara aðila styrkti HB Grandi mótarið hjá GL í sumar. Einnig eru ótaldir fjölmargir smærri styrktaraðilar sem nánar er getið í skýrslum nefnda.

Lokaorð

45. ári golfklúbbsins Leynis er nú lokið. Klúbburinn hefur aldrei verið fjölmennari og þátttaka félagsmanna í starfi klúbbsins mjög góð. Valdís Þóra hélt áfram að safna titlum í hús og sigraði eins og áður sagði í Íslandsmótinu í holukeppni auk þess að verða stigameistari á GSÍ mótarið-inni. Kvennasveit Leynis stóð sig vel í efstu deild í sveitakeppni GSÍ og barna og unglingastarf GL var í miklum blóma. Mótahald innan klúbbsins var áfram á uppleið og mikil þátttaka í mótum klúbbsins á árinu er mikið gleðiefni. Þrátt fyrir mikla aukningu á árinu 2009 þá jókst þátttakan engu að síður á árinu 2010. Það er því ljóst að kylfingar í GL vilja taka þátt í mótum og nýta þann sveigjaleika sem hefur verið í boði í þeim mótariðum sem mótanefnd hefur staðið fyrir.

Slíka þátttöku ber að þakka og hampa auk þess sem þakka verður fyrir þá vinnu sem innt er af hendi við skipulagningu og uppgjör slíkra móta. Mikið og gott starf nefnda á vegum GL og þeirra félaga sem í þeim starfa er gífurlega mikilvægt og á að vera aðalsmerki klúbbs eins og GL. Samstarfið við GR gekk vel á árinu 2010. Eftir gagnlegan fund með félagsmönnum og í kjölfarið fund með starfsmönnum GR þá var vinnulag bætt í samræmi við óskir okkar. Það er trú mín og von að félagsmenn GL sjái hvílfur happafengur samstarfið er og nægir þar að benda á niðurstöðu ársreikninga okkar í því efni auk umhirðu og lagfæringa á Garðavelli á árinu 2010. Stjórn GL þakka félögum, nefndarmönnum, styrktaraðilum og starfsfólki fyrir gott samstarf á rekstrarárinu 2010.

Hestamannafélagið Dreyra

Stjórn hestamannafélagsins, s.l. starfsár:

Formaður:	Ólöf H. Samúelsdóttir
Varaformaður:	Ása Hólmarsdóttir
Ritari:	Ásta Marý Stefánsdóttir
Gjaldkeri:	Inga Ósk Jónsdóttir
Meðstjórnandi:	Jón Ottesen
Varamaður:	Valdís Ýr Ólafsdóttir

Félagsmenn í hestamannafélaginu Dreyra eru 204 og hefur því fjölgað um 11 frá síðasta aðalfundi. Stjórnin fundaði 7 sinnum formlega en þar fyrir utan voru ótal mál rædd í gegnum tölvu og síma. Nokkrir fundir voru haldnir

með nefndum félagsins vegna ýmissa mála auk þess voru fjórir félagsfundir haldnir á árinu. Að auki var boðað til fundar með formönnum nefnda á haustmánuðum til að fara yfir starfið og hvað væri framundan, mæting hefði mátt vera betri en þakkir færðar þeim sem komu. Á s.l. starfsári gekk Ásta Marý úr stjórn Dreyra, eru henni færðar bestu þakkir fyrir sín störf.

Árið hófst með hefðbundnu sniði, fólk tók inn hesta sína og hefðbundið vetrarstarf hestamanna hófst. Fljótlega fór að bera á veikindum í hestum sem ágerðust eftir því sem leið á veturinn. Þetta varð til þess að allt mótahald fór úr skorðum, Langasandsreiðin á sumardaginn fyrsta var þó á sínum stað þar sem íbúum dvalarheimilisins Höfða var færður blómvöndur að venju og sömuleiðis héldum við okkar árlegu firmakeppni sem tókst vel og eru öllum hlutaðeigandi færðar bestu þakkir.

Í lok maí var síðan boðað til formannafundar af hálfu LH þar sem Landsmót 2010 var endanlega blásið af vegna veikinnar. Þetta var mikið áfall og enn sér ekki fyrir endann á þessum veikindum, dýralæknar telja að hestar geti veikst aftur og aftur þar til þeir hafa myndað ónæmi fyrir þessari sýkingu. Þeir sem hafa atvinnu af hestamennsku urðu fyrir búsigfum og einhverjir hafa misst hesta sína af sömu ástæðum.

Þing Landssambands hestamanna var haldið á Akureyri í október. Frá Dreyra fóru formaður, varaformaður og gjaldkeri stjórnar. Mikil vinna fór fram á þinginu og mörg mál-efni rædd. Ályktanir bornar upp og samþykktar eða felldar eins og gengur. Tvær tillögur voru bornar upp og samþykktar, sem snerta hina almennu hestamennsku kannski hvað mest, en það voru áskoranir til sveitarfélaga varðandi fasteignagjöld á hesthúsum og verndun reiðvega gagnvart vélknúnum farartækjum. Þar að auki voru margar tillögur bornar upp sem snerta mótahald og keppni.

Mörg mál komu inn á borð stjórnar á starfsárinu, má þar nefna að enn og aftur varð að leita til bæjarins vegna álagningar fasteignagjalda á hesthúsin, lausaganga hunda í hverfinu kom upp enn og aftur, reiðvegamál, félagsheimilið, mót félagsins, tilnefning íþróttamanns ársins, fjáröflunaráætlanir, greinaskrif í blöð, umgengni í hesthúsahverfinu, tiltekt á svæðinu, ýmsar aðrar styrkumsóknir, keppnisvellir á svæðinu og margt, margt fleira sem stjórn og nefndir reyndu að leysa úr eins og hægt var. Einnig var mikil vinna lögð í deiliskipulagsmál í Æðarodda þar sem Akraneskaupstaður var að fella eldra skipulag úr gildi. Hestamannafélaginu voru úthlutaðir styrkir frá Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit til að standa straum af endurgerð keppnisvallar í Æðarodda, þar sem gamli völlumurinn er orðinn svo til ónothæfur auk þess að vera ólöglegur.

Skipuð var framkvæmdanefnd í kjölfarið sem í sitja: Karen Línadal, Marteinn Njálsson, Sæmundur Víglundsson og Inga Ósk Jónsdóttir gjaldkeri félagsins. Mikil undirbúningsvinna fór fram og til stóð að byrja sem fyrst á framkvæmdum, m.a. var af þeim sökum ekki haldið mót s.l. sumar. Í kjölfar þessarar undirbúningsvinnu voru haldnir tveir félagsfundir til að ræða tillögur nefndarinnar. Einkum



var rætt um tvær teikningar sem Sæmundur Víglundsson gerði, önnur átti við endurgerð núverandi keppnisvallar en hin sýndi nýjan völl fyrir neðan hesthúsabyggðina (þar sem gamli upphitunurvöllumurinn er). Atkvæði voru greidd um tillögurnar og hlaut nýi völlumurinn yfirgnæfandi flest atkvæði. Framkvæmdanefndinni var því falið að vinna kostnaðar-áætlun eftir þeirri teikningu. Þegar þessi orð eru rituð er ekki komin endanleg niðurstaða í þetta mál. Það er ljóst að ef á að framfylgja lögum félagsins sem og reglum LH um löglegan keppnisvöll þá verður að ráðast í breytingar/endurbætur. En það verður líka að ráðast af því fjármagni sem félagið hefur yfir að ráða.

Jakob Sigurðsson var valinn íþróttamaður Dreyra og þar af leiðandi tilnefndur af félaginu til kjörs íþróttamanns Akraness, en hann varð meðal annars Íslandsmeistari í slaktaumatölti. Eru honum færðar innilegar hamingjuóskir.

Ýmislegt annað er vert að nefna úr starfsemi félagsins: Ákveðið hefur verið að bæta við borðbúnað og fleira í félagsheimilinu og er gjaldkeri stjórnar með þau mál á sinni könnu. Stefnt er á áframhaldandi samstarf við hestamannafélögin á Vesturlandi og má nefna að Sigríður Helga Sigurðardóttir situr, fyrir hönd Dreyra, í nefnd sem undirbýr sýningu í Faxaborg núna í vetur. Það má líka geta þess að Sigríður Helga hefur boðið fram krafta sína til að halda úti heimasíðu Dreyra og er ýmislegt í bígerð þar. Rétt er líka að segja frá því að Svandís Lilja Stefánsdóttir frá Skipanesi var valin í átta manna hóp knapa frá Íslandi til að taka þátt í svokölluðu Youth cup sem fram fór í Danmörku s.l. sumar. Eru henni færðar hamingjuóskir með það. Skvísurnar standa sig vel að vanda og eru byrjaðar með útreiðartúra á laugardögum, frábært framtak.

Að lokum:

Í þessari skýrslu hefur verið stiklað á stóru. Ótal önnur erindi berast stjórn sem reynt er að verða við eftir bestu getu. Öllum sem starfa í stjórn og nefndum á vegum félagsins eru færðar bestu þakkir. Eflaust má alltaf gera betur og ekki er alltaf hægt að hafa alla ánægða en með taplausan rekstur og margvísleg framfaramál í farteskinu tel ég framtíð Dreyra bjarta. Við þurfum þó að standa saman og standa vörð um félagið okkar, það hlýtur að vera markmið allra félagsmanna.

Hnefaleikafélags Akraness

Aðalfundur HAK árið 2010 var haldinn þann 27.mars.

Á fundinum voru rædd húsnæðismál félagsins, ásamt kaup á nýjum búnaði og svo var létt yfirferð yfir önnina.

Stjórn HAK árið 2010

Formaður : Sigurður Bjarnason

Varaformaður : Örnólfur Stefán Þorleifsson

Gjaldkeri : J.Rakel Gísladóttir

Ritari : Þorleifur Rúnar Örnólfsson

Meðstjórnandi : Grímur Arnórsson

Meðstjórnandi : Gísli Trausti Jóhannesson

Árið 2010 var þriðja starfsár HAK síðan það var formlega stofnað 28.febrúar 2008. Árið byrjaði vel með sameiginlegum æfingabúðum hnefaleikafélaga Íslands, það var haldið á Laugavatni eins og svo oft áður. Strákarnir stóðu sig allir með þrýði þar, og komu allir út úr þessum æfingabúðum reynslunni ríkari. Í lok sumarsins voru svo æfingabúðir í Keflavík sem voru aðeins fámennari en þær á Laugavatni, en skemmtilegar og fræðandi samt sem áður.

HAK tók þátt í sex mótum árið 2010, við höfpuðum fimm sigrum á árinu úr ellefu bardögum. Hróbjartur Trausti Árnason vann í tvo af sínum bardögum á árinu. Arnór Már Grímson fékk silfurverðlaun í 66 kg flokki á Íslandsmótinu 2010, ásamt því að sigrast sterkann áskoranda frá Danmörku og tvo aðra bardaga. Einnig kepptu Stefán Atli Ólason, Örnólfur Stefán Þorleifsson og Edward Ingi Torfason fyrir hönd HAK á árinu. HAK tók þátt í þrem diplöma mótum á árinu með góðum árangri keppenda. Diploma er snertilfíll bardagi fyrir krakka, ætlað til að sýna hæfileika og tækni.

Það sem gerðist í aðstöðumálum á árinu var það að við fengum loftræstingu í kjallarann hjá okkur, sem var mjög gott. Við hengdum upp fleiri púða og fengum lok í golfholurnar. Við byrjuðum einnig að skipuleggja kaup á nýjum búnaði. Iðkendafjöldinn á árinu var í kringum 50 manns, þeim var skipt niður í fimm hópa, 8 – 12 ára sem



var þjálfaður af Stefáni Atla, 13 – 17 ára sem var þjálfaður af Arnóri, Fitnessbox sem var þjálfaður af Alexander, Keppnishópur og Fullorðnir sem var þjálfaður af Örnólfi. Einnig var Sigurbjörn Gíslason með hópinn 18+ byrjendur í byrjun beggja anna. Arnór Már og Gísli Trausti voru sérstaklega duglegir á árinu við að sækja sparr og tækniæfingar til Daða í Combat Gym, og svo voru bæði Arnór og Örnólfur duglegir að sækja þjálfaraæfingar til flestra hnefaleikafélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Gestaðþjálfarar árið 2010 voru þeir Daði Ástþórsson og Þórður Sævarsson, einnig kom Ingólfur Ágúst Hreinsson í byrjun árs og tók þjálfaræfingar ásamt Örnólfi.

Íþróttafélagið Þjótur

Stjórn Þjóts 2010-2011

Ólöf Guðmundsdóttir, formaður.

Magndís B. Guðmundsdóttir, varaformaður.

Harpa Sif Þráinsdóttir, ritari.

Soffía Pétursdóttir, gjaldkeri.

Sylvía Kristinsdóttir, meðstjórnandi.

Varamenn: Sigurður A. Sigurðsson.

Lindberg M. Scott.

Nýárssundmót barna og unglinga haldið 3.jan.”10 í Reykjavík: Þar tóku 5 keppendur frá Þjóti þátt í mótinu. Æfingar hófust .11 janúar”10. í boccia, keilu og sundi. Þjálfarar á vorönn: Sund Soffía Pétursdóttir hjá eldri iðkendum, yngri iðkendur Ragnheiður Runólfssdóttir. Ólöf Guðmundsdóttir, Freyja Þ. Smáradóttir og Guðmundur I .Gunnarsson í boccia. Bocciaæfingar voru x 2 í viku sund eldri og yngri x 2 í viku keila x1 í viku hjá eldri og yngri iðkendumog iðkendur voru á bilinu 20-25 er æfðu reglulega. RIG. leikar fóru fram í janúar. Þar kepptu 5 iðkendur frá Þjóti. Gullmót KR. fór fram í febrúar 2010. Þangað fór 1 keppandi frá Þjóti. Farið var í sumarbústað 19-21 feb. Með hluta af hópnum er iðka boccia. Var það mjög skemmtileg tilbreyting að flestra mati.

Íslandsmót ÍF í frjálsum íþróttum innanhúss 19-21 mars 2010. Frá Þjóti fóru 3 keppendur á mótið. Andri Jónsson er hlaut 1 sætið í 60 m og 200m hlaupi ásamt 1 sæti í langstökki. Lindberg M. Scott er hlaut 1 sætið í eftirfarandi greinum 60 m og 200m hlaupi, 1 sæti í langstökki, kúluvarpi og hástökki. Íslandsmót ÍF í bogfimi, lyftingum boccia og sundi fór fram helgina 19-21 mars. Keppnin fór fram í íþróttahúsinu Laugardal, sundlauginni Laugardal og Hátúni 14. 2 sveitir tóku þátt í boccia. Í sundi voru síðan 4 keppendur. Berent Karl Hafsteinsson, lenti í 2 sæti í 50m baksundi og 3 sæti í 100m baksundi og 3 sæti í 50m og 100m skriðsundi.

Aðalfundur félagsins fór fram 23 mars í Brekkubæjarskóla. Fundarstjóri var Rögnvaldur Einarsson. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin aðalfundarstörf, kosning formanns ásamt afhendingu viðurkenninga og önnur mál. Hvatningarbikar



ÍF. hlaut Laufey María Vilhelmsdóttir. Minningarbikar um Lýð Hjálmarsson hlaut Sigurður A. Sigurðsson. Hvatningarbikar Þjóts sem var nýr bikar og gefinn þeim er sýnir góða ástundun og framfarir í sinni grein hlaut Ívar Jónsson Formaður félagsins Ólöf Guðmundsdóttir var endurkjörin.

29. apríl - 2 maí "10 var Hængsmótið á Akureyri haldið. Þangað fóru alls 10 manns og 3 fararstjórar frá Þjóti. Farið var í samfloti með Suðra frá Selfossi og á einkabílum. Gist var á Hótel KEA og í Hótelíbúðum. Guðmundur Örn Björnsson vann 1 verðlaun í boccia í einstaklingskeppni. Var ferðin í alla staði ánægjuleg líkt og venjulega.

Andri Jónsson, fór og keppti í fótbolta á Gíbraltar í maí 2010. Var þar með íþróttafélaginu Ösp. Vormót Aspar í sundi fór fram 16 maí 2010. Þangað fóru 4 keppendur frá Þjóti og stóðu sig af stakri þrýði. Emma Björnsdóttir hlaut 2 sæti í 50m baksundi. Guðmundur Ö. Björnsson hlaut 2 sæti í 50m baksundi og 1 sæti í 50m bringusundi. Laufey M. Vilhelmsdóttir hlaut 1 sæti í 50m baksundi. Áslaug Þorsteinsdóttir hlaut 1 sæti í 100m baksundi. Lokadagur vetraræfinga félagsins var 19 maí 2010 og var þá farið út að borða á Galito.

Önnur mót:

Iðkendur Þjóts tóku þátt í öðrum mótum m.a. Laufey María Vilhelmsdóttir er fór á Kvik argangscup í Danmörku. Ásamt Unglinga Landsmóti UMFÍ. Þar hlaut Laufey 1 sætið í 50m skrið-bak og bringusundi. Einnig fóru 4 keppendur á Akranesleikana. Íslandsmót ÍF í frjálsum íþróttum utanhúss 5. júní 2010. Frá Þjóti fóru 1 keppandi á mótið Lindberg M. Scott er hreppti 1 sæti í 60m hlaupi, langstökki og hástökki.

Vetrarstarfið hófst að nýju 6. september "10. Æfingar voru með hefðbundnu sniði líkt og áður. Boccia x 2 í viku ásamt sundi x 2 í viku fyrir eldri iðkendur og x 2 í viku fyrir yngri iðkendur. Þjálfarar voru. Sund: Harpa Þráinsdóttir. Sund yngri iðkendum Ragnheiður Runólfssdóttir. Boccia: Guðmundur I. Gunnarsson, Freyja Þ. Smáradóttir og Ólöf Guðmundsdóttir. Einnig var boðið upp á keilutíma x 1 í viku undir stjórn Keilufélags Akraness fyrir bæði yngri og eldri iðkendur.

Evrópuleikar Special Olympics fóru fram í Varsjá í Póllandi 18-23/9"10. Þar tók Laufey M. Vilhelmsdóttir þátt í keilu. Fjarðarmótið í sundi var haldið 10 september 2010 í Ásvallalauginni í Hafnarfirði. Emma R. Björnsdóttir hlaut 1 sæti í 50m baksundi og 3 sæti í 100m fjörsundi. Laufey María Vilhelmsdóttir hlaut 2 sætið í 50 m. baksundi og 3 sæti í 50m skriðsundi Áslaug Þorsteinsdóttir varð í 3 sæti í 50m skriðsundi. Guðmundur Örn Björnsson varð í 3 sæti í 50m bringusundi. 1-3 október "10. Fór fram Íslandsmót í boccia í einstaklingskeppni í Reykjanesbæ undir forystu Íþróttafélagsins Nes. En alls fóru 11 keppendur frá Þjóti á mótið og 3 fararstjórar. Farið var á einkabílum. Gist var á Hótel Keflavík. Var ferðin í alla staði hin ánægjulegasta. Anton Kristjánsson komst í úrslit í sinni deild en náði ekki verðlaunasæti.

Lionsmót Lionsklúbbs Akraness og Þjóts fór fram 21. nóvember 2010 í íþróttahúsinu við Vesturgötu á Akranesi. Alls sóttu okkur heim 4 önnur aðildarfélög ÍF. Úrslit ÍFR hlaut 1 sætið, Þjótur 2 sæti og Suðri 3 sæti. Lionsmenn sáu alfarið um dómgæslu ásamt því að gefa verðlaun og bjóða upp á veitingar að móti afloknu. Dagana 27-28 nóvember var Íslandsmót ÍF. í sundi í 25 metra laug í innilauginni í Laugardal. Þangað fóru 6 keppendur frá Þjóti. Enginn komst í verðlaunasæti en margir voru þó að bæta tíma sína. Innanfélagsmót í boccia og fór fram í desember. Anton Kristjánsson hlaut titilinn bocciamleistari Þjóts árið 2010, titlinum fylgir farandbikar. Lokaæfingar hjá félaginu fyrir júl var 13 desember og var farið á Galito. Andri Jónsson var kjörinn íþróttamaður Þjóts árið 2010.

Styrkir:

Félagið hlaut 250.000 kr. styrk frá Akraneskaupstað vegna íþróttastarfsins. Ásamt styrk frá sama aðila vegna barna-og unglingastarfs. Jafnframt styrktu Kiwanisklúbbur Akraness félagið til kaupa á nýjum íþróttagöllum fyrir iðkendur sem mikil ánægja er með hjá hópnum. Fjárafilanir félagsins voru með hefðbundnu sniði á árinu þ.e. jólakortasala.

Lokaorð.

Árið 2010 var í heildina gott ár hjá félaginu líkt og undanfarin ár. Markmið félagsins líkt og endranær er að bjóða upp á íþróttir fyrir fatlaða. Með von um að sem flestir iðkendur geti fundið eitthvað við sitt hæfi og byggt þannig upp jákvæða sjálfsmynd í gegnum leik og keppni við jafningja. Félagsmönnum, þjálfurum, aðstoðarmönnum og starfsmönnum íþróttamannvirkja þökkum við ánægjulegt samstarf á liðnu ári og öllum velunnurum félagsins færum við kærar þakkir fyrir stuðninginn á árinu.

Karatefélag Akraness

Rekstur félagsins var í ágætu horfi árið 2010, nánari grein er gerð fyrir fjármálum félagsins undir ársreikningi. Byrjendur í unglinga og fullorðinsflokki voru 12, í karate-skólanum voru samtals 52 iðkendur, 11 unglingar, 15 fullorðnir og í heild voru því 90 iðkendur Áhyggjuefni er hve



faír unglingar stunda æfingar hjá félaginu og þarf að efla unglingastarfið á næstu misserum.

Árangur á mótum

Keppendur frá KAK tóku þátt í öllum mótum sem haldin voru á Íslandi á árinu 2010. Alls voru 21 keppandi frá KAK á árinu. Bestum árangri á mótum náði Aðalheiður Rósa Harðardóttir, sem hefur stöðugt verið að eflast í Karate og átti nú sitt besta ár. Hún hefur verið í landsliði Íslands undanfarin tvö ár og keppt á mótum bæði innanlands og utan.. Auk þess að vinna bikarmeistaratitil unglinga og ná góðum árangri á Íslandsmeistaramótum á árinu vann Aðalheiður meðal annars til fjögurra verðlauna á Stockholms Open mótinu í nóvembermánuði; gullverðlaun fyrir einstaklingskata og hópkata í junior flokki og silfur í hópkata og brons í einstaklingskata í flokki fullorðinna. Aðalheiður var í lok ársins valin karatekona ársins á Íslandi.

Þjálfaramál

Einar Hagen hefur verið aðal þjálfari félagsins. Aðal áhersla hans er hefðbundið karate, þar sem lögð er höfuð áhersla á að þær tæknir sem beitt er nái að leggja andstæðinginn. Félagið þarf á næstunni að skoða hvort ástæða sé til að vera með sérstakar æfingar fyrir þá sem vilja leggja sérstaka áherslu á keppni, þar sem áherslur geta verið aðrar. Einar, Gústa og Heiða sáu um þjálfun í karateskólanum.

Gráðanir

Í byrjun júlí fóru 7 iðkendur í æfingabúðir til Fredrikstad í Noregi. Þar náðu 3 iðkendur Shodan, þær Ágústa Rósa Andrédóttir, Valgerður Elsa Jóhannsdóttir og Hafdís Erla Helgadóttir. Þá náði Aðalheiður Rósa Harðardóttir Nidan við sama tækifæri. Að auki voru haldnar 3 kyu gráðanir á árinu.

Önnur mál

Síðla árs var farið í að kaupa utanyfirgalla og voru Errea gallar fyrir valinu, sömu gerðar og KFÍA hefur keypt. Kanna þarf með áhuga foreldra á að kaupa samskonar galla fyrir karateskólann. Efla þarf samstarf við foreldra barna í Karateskólanum til að tryggja að börnin flosni ekki upp úr íþróttinni. Einnig þarf að virkja þá foreldra sem hafa áhuga og tíma til að standa með félaginu að viðburðum fyrir börnin, þannig að þau hafi þá tækifæri til að hittast fyrir utan tímana.

Knattspyrnufélag ÍA

Inngangur:

Rekstur Knattspyrnufélags ÍA gekk vel á árinu 2010. Í lok árs 2009 var samþykkt að breyta skipulagi félagsins og í nóvembermánuði það ár var haldinn aðalfundur þar sem lagabreytingar voru staðfestar og kosið í stjórnir félagsins. Fundi var að því loknu frestað til febrúarmánaðar 2010 þar sem skýrsla stjórnar og ársreikningar voru afgreiddur. Óhætt er að fullyrða að starf félagsins samkvæmt nýju skipulagi hafi gengið ágætlega. Allar stjórnir félagsins voru starfssamar og leystu verkefni sín vel. Þannig má segja að félagið sé nú sterkara faglega og rekstrarlega, en það skilar sér í betra knattspyrnustarfi. Iðkendur á árinu voru um 450, þjálfarar 15, en í lok árs var einni stöðu afrekspjálfa bætt við þannig að í árslok störfuðu 16 knattspyrnuþjálfarar fyrir félagið. Yfirstjórn félagsins er í höndum framkvæmdastjóra, en á árinu var ráðið í eina stöðu til viðbótar og eru nú tvö stöðugildi á skrifstofu félagsins.

Ekki þarf að fjölýrða um hlutdeild knattspyrnunnar í sögu og ímynd Akraness og flestir gera sér góða grein fyrir því mikilvæga hlutverki sem félagið sinnir í íþrótt- og æskulýðsmálum á Akranesi. Í því efni ber að hafa í huga að sem fyrr þá eru það velunnarar félagsins, foreldrar og velviljuð fyrirtæki sem bera uppi fjármögnun félagsins. Á þeim grunni hefur á árinu 2010 verið unnt að styrkja faglegt starf og setja iðkendum skýrari markmið og leiðarljós, sem unnið er nú eftir. Mikilvægi þessa starfs kristallast síðan í því að iðkendur innan vébanda Knattspyrnufélags ÍA eru um 6,9% bæjarbúa á Akranesi og eru þá ótaldir allir þeir sem styðja félagið og mæta jafnt heima sem heiman á leiki liðsins í ýmsum aldursflokkum. Þessum atriðum er nauðsynlegt að halda á lofti þannig að enginn efist um starf og gildi íþróttahreyfingarinnar á Akranesi og hlutverk Knattspyrnufélags ÍA á þessum vettvangi.

Norðurálmót 7.flokks karla sló öll aðsóknarmet í ár, en þátttakendur voru um 1280 talsins. Norðurálmótið er orðið að margra mati einhver albesta og jákvæðast kynning sem Akranes fær á ári hverju, þar sem fleiri þúsund landsmenn upplifa Akranes og jákvæðan og skemmtilegan máta.

Í stjórnnum KFÍA árið 2010 voru eftirfarandi:

Stjórn knattspyrnufélags ÍA:

Gísli Gíslason, formaður

Jóhanna Hallsdóttir, varaformaður

Sigmundur Ámundason, gjaldkeri

Sigrún Ríkharðsdóttir, ritari

Magnús Daníel Brandsson

Örn Gunnarsson, formaður Afrekssviðs

Ágústa Friðriksdóttir, formaður Uppeldissviðs.

Til vara:

Einar Benediktsson

Gunnhildur Björnsdóttir

Þær breytingar urðu á stjórninni að þeir Magnús Daníel Brandsson og Einar Benediktsson létu af stjórnarsetu sökum annarra verkefna.

Í stjórn Uppeldissviðs:
 Ágústa Friðriksdóttir, formaður
 Eiríkur Guðmundsson
 Lárus Ársælsson
 Aðalheiður Þráinsdóttir
 Dána Carmen Llorens
 Til vara:
 Ásta Benediktsdóttir
 Ólafur I. Guðmundsson
 Dána Carmen Llorens lét af setu í stjórninni á árinu.



Í stjórn Afrekssviðs:
 Örn Gunnarsson, formaður
 Hafsteinn Gunnarsson
 Katla Hallsdóttir
 Alexander Högnason
 Margrét Ákadóttir
 Til vara:
 Sigurður Sigursteinsson
 Bryndís R. Jónsdóttir.

Þá voru starfandi tvær nefndir á vegum félagsins. Annars vegar Heimasíðunefnd og hins vegar Nefnd um fræðslu- og félagsstarf. Í Heimasíðunefnd voru þeir Brandur Sigurjónsson og Kristleifur Brandsson, en í Nefnd um fræðslu- og félagsstarf voru þau Sigurður Arnar Sigurðsson, Anna Lilja Valsdóttir og Sigurður Sigursteinsson. Öllum framangreindum eru færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf og óeigingjarnt framlag í þágu félagsins.

Rekstur félagsins.

Þrátt fyrir að sífellt verður vandasamara að afla nauðsynlegs fjár til rekstrar íþróttafélaga þá tókst á árinu 2010 að afla þess fjár sem til þurfti í rekstur KFÍA og eilítið betur því niðurstaða ársins er hagnaður sem nemur 2,1 mkr. Þetta er ekki síst að þakka einstakri árvekni, aðhaldi og dugnaði framkvæmdastjóra félagsins. Heildarrekstur Knattspyrnufélags ÍA er það viðamikill að trygg og skilvirk fjáröflun er forsenda félagsins. Félagið skuldar ekkert nema hefðbundnar viðskiptakröfur og er þannig vel á sig komið. Eignir félagsins felast fyrst og fremst í iðkendum þess og árangri þeirra og vonandi munu þeir skila þeim arði sem að er stefnt á komandi árum.

Heildar tekjur KFÍA á árinu 2010 voru: 97.884.054 kr.
 heildar rekstrargjöld KFÍA voru: 95.776.458 kr.
 Handbært fé í lok árs var: 11.153.605 kr.
 Heildar skuldir félagsins í árslok voru: 2.013.097 kr.
 Heildar viðskiptakröfur félagsins í árslok voru: 4.321.997 kr.

Alls voru 40 leikmenn með samning við félagið, 25 karlar og 15 konur. Á árinu lauk ágreiningsmáli KFÍA við tvo króatíska leikmenn sem áður voru á mála hjá félaginu með hagstæðri niðurstöðu fyrir félagið og er uppgjóri vegna þess máls lokið. KFÍA hafði verið dæmt af FIFA til verulegra greiðslna og miskabóta til leikmannanna, en eftir áfrýjun

KFÍA til íþróttadómstólsins í Luzanne í Sviss voru greiðslur til leikmannanna lækkaðar verulega og miskabætur felldar niður. Heildarkostnaður vegna málsins var að lokum lægri heldur en sú fjárhæð sem KFÍA hafði áður boðið til að ljúka málinu. Formaður Afrekssviðs og framkvæmdastjóri önnuðust sókn og vörn málsins með ágætum árangri.

Knattspyrnufélag ÍA hefur haft það að leiðarljósi að reyna að ná styrktarsamningum við fyrirtæki til lengri tíma. Það er forsenda þess að unnt sé að horfa til nokkurra ára í rekstri og skuldbindingum félagsins. Sem betur fer þá hafa öflug fyrirtæki eins og OLÍS, Norðurál, HB- Grandi, VÍS, Íslandsbanki, Síminn, Vífilfell og ERREA verið félaginu afar hliðholl og eru þeim ásamt öllum þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem lagt hafa hönd á plóginn færðar bestu þakkir fyrir ómetanlegan stuðning.

Knattspyrnumál

Á árinu gekk flokkum félagsins misjafnlega á knattspyrnuvellinum. Kvennamegin náðu bestum árangri 4. og 2. flokkur og karla megin að sama skapi 4. og 2. flokkur. Þannig að efniviðurinn er klárlega til staðar hjá félaginu, jafn í karla sem kvenna flokkum. Meistaraflokkur karla fór illa af stað í 1. deildinni eftir mjög góðan árangur í vetrar- og vorleikjum sínum, en seinni part tímabilsins sýndi liðið sitt rétta andlit og rétti verulega úr kútnum. Það dugði þó ekki nema í 5. sæti deildarinnar, en ungir leikmenn liðsins hafa öðlast mikilvæga reynslu og með viðbót reynslumikilla leikmanna er stefnan óhikuð tekin á efstu deild árið 2012.

Þjálfarar félagsins á árinu 2010 voru þessir:

Flokkur Þjálfari

Mfl. karla Þórður Þórðarson
 2. fl. kv. Ágúst Valsson til loka sept. 2010 en nú Elfar Grétarsson
 2. fl. karla Jón Þór Hauksson
 3. fl. kv. Laufey Jóhannesdóttir til loka sept. 2010 en nú Þorsteinn Gíslason
 3. fl. karla Heiðar Logi Sigtryggsson til loka sept. 2010 en nú Kári Steinn Reynisson
 4. fl. kv. Halldóra Gylfadóttir
 4. fl. karla Lúðvík Gunnarsson
 5. fl. kv. Steindóra Steinsdóttir
 5. fl. karla Kári S. Reynisson til loka sept. 2010 en nú Alfreð Karlsson
 6. fl. kv. Áslaug Ákadóttir
 6. fl. karla Sigurjón Jónsson
 7. fl. kv. Áslaug Ákadóttir
 7. fl. karla Alfreð Karlsson til loka október 2010 en nú Dean Martin
 8. fl. kv og kvk Boltaskólinn Unnur, Valdís, Maren og Elísa
 Afreksþjálfari: Dean Martin, Heiðar Logi Sigtryggsson
 Yfirþjálfari: Þórður Þórðarson

Fjöldi aðstoðarmanna er við störf, bæði að vetri og sumri til. Á árinu 2010 voru það leikmenn meistaraflokks karla, 2.fl karla og kvenna ásamt 3.fl. karla og kvenna sem voru þjálfurum félagsins til aðstoðar á æfingum sem og í Knattspyrnuskóla félagsins.

2.flokkur kvenna lék í B-riðli og háði harða baráttu við KR um fyrsta sætið í riðlinum, en að lokum voru það KR-ingar sem hömpuðu 1.sætinu en stelpurnar okkar urðu í 2.sæti og leika því í A-riðli árið 2011. Stelpurnar tóku jafnframt þátt í Vísa-bikarkeppni sem meistaraflokkur og komust þar í 3.umferð, sem verður að teljast frábær árangur.

2.flokkur karla voru í toppbaráttunni í A-riðli og enduðu í 3.sæti á eftir FH og Breiðablik. Strákarnir léku að jafnaði mjög vel í sumar og fengu til að mynda 4 stig útúr viðureignum sínum við Íslandsmeistara FH.

3.flokkur kvenna léku í A-riðli og gekk erfiðlega í byrjun er þær töpuð leikjum mjög naumlega og gerðu jafntefli, stelpurnar fóru á mót í Danmörk í júlí sem þær gerðu sér lítið fyrir og unnu, eftir að þær komu til baka frá Danmörku náðu þær loks að sína sitt rétta andlit á Íslandsmótinu og voru hársbreidd að bjarga sér frá falli í B-riðil.

3.flokkur karla lék í B-riðli og enduðu mótið um miðja deild. Tímabilið hjá 3.flokki var mjög sveiflugjarnt þar sem stórsigrar en líka stórtöp litu dagsins ljós.

4.flokkur kvenna komst í úrslitakeppnina eftir að hafa endað í 3.sæti í A-riðli. Stelpunum gekk mjög vel og enduð þær í 3.sæti eftir harða baráttu við Breiðablik um að leika til úrslita.

4.flokkur karla var í mikilli baráttu um að komast í úrslitakeppnina en höfðu heppnina ekki með sér og enduðu í 4.sæti í A-riðli.

5.flokkur kvenna lék í A-riðli í Íslandsmótinu. Stelpur tóku einnig þátt í Síma-mótinu í júlí sem fram fór í Kópavogi og stóðu þær sig vel á mótinu.

5.flokkur karla lék í A-riðli og enduðu strákarnir um miðja deild. Strákarnir tóku einnig þátt í KA-mótinu á Akureyri og stóðu sig þar með miklum sóma. Strákarnir fóru einnig á Selfoss í ágúst og spiluðu þar á Olís-mótinu.

6.flokkur kvenna tók þátt í Hnátu-móti KSÍ og voru mjög nálægt því að komast í úrslitakeppnina. Þær tóku þátt í Símamótinu þar sem þær léku við hvern sinn finger.

6.flokkur karla tók þátt í Polla-móti KSÍ. Eldra árið fór svo til Eyja á Shell-mótið þar og yngra árið tók þátt í móti sem fram fór á Ólafsfirði.

7.flokkur kvenna tók þátt í Faxaflóamótinu og fóru einnig á Síma-mótið í Kópavogi.

7.flokkur karla lék í Faxanum og stóðu sig svo með miklum ágætum á hinu stórkostlega Norðurálmóti sem fram fór í júní.

Norðurálmótið.

Dagana 18. til 20. júní var Norðurálmótið haldið, en það er fyrir leikmenn 7. flokks karla. Metfjöldi liða og þátttakenda var skráður til leiks eða 144 lið frá 25 félögum

skipuð 1280 strákum (og stelpum þar sem eitt lið var skipað stelpum á yngri ári í 6.fl ÍA). Móttjórn var í höndum Uppeldissviðs, sem voru dyggilega studd af skrifstofu félagsins og Aðalstjórn og Afrekssviði. 14 verkstjórar voru yfir hinum ýmsu verksviðum, en heildarfjöldi sjálfbóðaliða sem störfuðu á mótinu er áætlaður á bilinu 5-600 manns. Piltunum fylgir að jafnaði mikil fjöldi foreldra, systkina og aðstandenda, sem með veru sinni hér á Akranesi setja mikinn svip á bæjarlífið. Til að mynda gistu um 3000 manns á tjaldsvæðum mótsins, sem náðu allt frá Víðigrund inn að Skógræktinni.

Norðurálmótið er gríðarlega mikilvægur hlekkur í fjáröflun félagsins, þar sem hver króna rennur til yngri flokka starfsins. Mótið stendur nú undir tæplega 40% af kostnaði félagsins vegna yngri flokka starfsins. Ekki eru frekari stækkunar möguleikar á Norðurálmótinu fyrir hendi en þrátt fyrir met fjölda var strax þann 22.mars síðast liðinn þegar orðið fullbókað á mótið. Norðurálmótið þóttist heppnast með miklum ágætum og hvert sem lítið var mátt sjá ánægjuna skína úr andlitum piltana og aðstandenda þeirra, sem að móti loknu tóku með sér ánægjulegar minningar af mótinu og um Akranes. En að margra mati er mótið ein sú albesta og jákvæðasta kynning sem Akranes fær á ári hverju.

Stefnumótun og afrekspjálfun

Stjórn KFÍA hefur samþykkt stefnumótun sem unnið er eftir varðandi þjálfun yngri og eldri leikmanna. Megin kjarni þessarar stefnumótunar er að byggja lið félagsins í meistaraflokki karla og kvenna á leikmönnum sem aldrei eru upp hjá félaginu, en að leita eftir efnilegum leikmönnum af landsbyggðinni, sem hefðu áhuga á að flytjast á Akranes í gott og uppbyggilegt umhverfi. Hluti stefnumótunarinnar felst í afrekspjálfun og samstarfi við Fjölbautaskóla Vesturlands. Í því skyni að fylgja þessari stefnumótun eftir var ráðinn afrekspjálfi í hlutastarf auk þess sem sá aðili er aðstoðarpjálfi meistaraflokks karla. Hvernig sem árangurinn er einstök sumur þá er það félaginu og iðkendum þess



mikilvægt að fylgja mótaðri stefnu sem fylgt er eftir og það hefur verið gert með ráðningu afreksþjálfara.

Viðburðir

Að vanda stóð KFÍA fyrir Herrakvöldi, Konukvöldi og Sjávarréttarkvöldi en þessir viðburðir eru snar þáttur í fjáröflun félagsins. Knattspyrnufélag ÍA vill þakka öllum þeim sem gefið hafa vinninga og uppboðshluti á styrktarkvöld félagsins, sem og öllum þeim sem lögðu leið sína á skemmtanirnar. Knattspyrnufélag ÍA vill koma sérstöku á framfæri þakklæti til Bjarna Þórs Bjarnasonar listamanns, sem í fjölda mörg ár hefur gefið málverk í tilefni kvöldanna.

Í byrjun árs 2011 héldu svonefndu Club'71 Þorralót Skagamanna, sem tókst mjög vel, en tilgangur þess er m.a. að styðja við starfsemi KFÍA. Af þeim sökum verður Herrakvöldi félagsins hnikað til haustsins í þeirri von að þá verði einhverju að fagna, sem verði góður hvati til mætningar. Knattspyrnufélag ÍA færir meðlimum Club'71 bestu þakkir fyrir velvild, hlýhug og mikilsvert framlag, en félagar klúbbsins (ásamt fleirum) vinna nú einnig í samvinnu við KFÍA og foreldrafélag 3. flokks karla að útgáfu símaskrár sem á að gefa félaginu eitthvað í aðra hönd.

Mannvirkja- og rekstrarmál

Stjórn KFÍA hefur á árinu 2010 átt viðræður við fulltrúa Akraneskaupstaðar um tvö mikilvæg mál. Annars vegar er um að ræða beiðni félagsins um að annast með rekstrarsamningi rekstur Akranesvallar og Akraneshallar eins og tíðkaðist á árunum 1986 til 2000 og hins vegar er um að ræða erindi um endurnýjun grasvalla austan Akraneshallar. Varðandi beiðni félagsins um gerð rekstrarsamnings þá hefur enginn árangur orðið af því og virðist þar helst takmarkaður áhugi bæjaryfirvalda á slíkri samningsgerð auk þess sem því er haldið fram af hálfu KFÍA að rekstrarfé sé af svo skorum skammti að ekki dugi til að halda grasvöllum og mannvirkjum í horfinu frá því sem nú er. Endurnýjun grasvallanna hefur mætt meiri skilningi, en þó eru ýmis mál þar óljós hvað verklag og fjármögnun varðar. Erindi KFÍA um gerð framkvæmdasamnings um endurnýjun svæðanna var vísað inn í gerð skýrslu um framkvæmdir kaupstaðarins í íþróttamálum á næstu árum, en sú skýrsla leit dagsins ljós í nóvembermánuði. Hugmynd KFÍA var að skipta endurnýjun svæðanna á fjögur til fimm ár en kostnaðaráætlun sem félagið hafði undir höndum gerði ráð fyrir að heildar kostnaður yrði um 65.0 mkr., en svæðið er alls um 55.000 m². Í skýrslu starfshópsins sem fjallaði um framkvæmdir kaupstaðarins er lögð fram eftirfarandi tillaga:

„KFÍA – Æfingasvæði á Jaðarsbökkum, 4-5 ára verkefni, 5-6 milljónir á ári, byrja 20.06.2011. (Daginn eftir Norðurálsmótið) (2011-2015) Huga að langtímaskipulagi aðalvallarins.

KFÍA – Bolta og vélageymsla, moka innan úr 2 bilum í Akraneshöll. 20 millj. (2012-13)“ Þeir meinbaugir eru



helstir á þessari framsetningu að heildarkostnaður við endurnýjun svæðisins er mun meiri en þarna er gert ráð fyrir auk þess sem hugmyndir um að vinna að endurbótum með sáningu hefur í för með sér langan verktíma sem félagið hefur ekki efni á m.a. með tilliti til Norðurálsmóts og æfingar og leikja yngri flokka félagsins. Vonast er til að málið hafi farsælan framgang á næstu vikum enda afar brýnt að hefjast handa við endurnýjun svæðanna sem í dag leiða af sér slysaðu fyrir iðkendur.

Niðurlag

Af framangreindu er ljóst að ýmislegt hefur áunnist í starfi KFÍA á liðnu rekstrarári, en mörg verkefni eru þó enn óunnin. Ef til það stærst að koma meistaraflokki karla aftur á réttan stað í íslenskri knattspyrnu. Þá stendur metnaður stjórnarinnar til þess að á næsta ári verði unnt að tefla fram meistaraflokki kvenna og halda þannig áfram uppbyggingu kvennaknattspyrnunnar á Akranesi. Þar er verk að vinna, en skref stigið á síðasta ári með gerð samninga við allar stúlkur 2. flokks kvenna. Loks skal nefnt að endurnýjun grassvæðanna austan Akraneshallar brennur mjög á stjórn félagsins.

Framundan er mjög mikilvægt ár í lífi KFÍA. Stefnan er að uppeldisstarf félagsins og stefnumótun skili árangri og að meistaraflokkur karla skili sér upp um deild. Árangur í því efni er ákveðinn forsenda fyrir fjárhagsgrundvelli félagsins og stöðugleika í leikmannamálum. Það er því til mikils að vinna þannig að knattspyrnan á Akranesi verði áfram eins blómleg og hún hefur verið á liðnum áratugum. Það er því verk að vinna og hluti þess er einnig að gera starfsemi félagsins sýnilegri þeim sem hafa með framgang bæjarfélagsins að gera. Á árinu 2011 eru liðin 60 ár frá því að fyrsti Íslandsmeistaratitillinn vannst í meistaraflokki og vel við hæfi að fagna því með góðu fótboltaári á Akranesi.

Kraftlyftingafélag Akraness

Stofnfundur

Stofnfundur Kraftlyftingafélags Akraness var haldinn í fundarsal Íþróttamiðstöðvarinnar að Jaðarsbökkum þann 24. nóvember 2009. Fundurinn var vel sóttur af Skagamönnum en auk þeirra mættu fulltrúar frá Kraftlyftingasambandi Íslands (sem þá hét Kraftlyftinganefnd ÍSÍ). Fulltrúarnir voru þau Sigurjón Pétursson formaður, Guðjón Hafliðason varaformaður, Gry Ek ritari og Auðunn Jónsson varamaður. Á fundinum fór fram stjórnarkjör og hlutu eftirfarandi kjör í stjórn félagsins:

Formaður: Hermann Hermannsson

Gjaldkeri: Heimir Björgvinsson

Ritari: Kári Rafn Karlsson

Meðstjórnendur: Arnar Helgason

Unnar Valgarð Jónsson

Varamenn: Arnar Dór Hlynsson

Haukur Ármannsson

Skoðunarmaður reikninga: Jón Þór Þórðarson

Miklar umræður spruttu upp á fundinum um ýmis mál eins og t.d. lyfjamál, aðstöðu til kraftlyftinga á Akranesi, bann við keppni hjá öðrum kraftlyftingasamböndum o.fl.

Kraftlyftingamaður Akraness

Kraftlyftingafélag Akraness valdi Árna Freyr Stefánsson sem Kraftlyftingamann Akraness 2010 og tilnefndi hann til Íþróttamanns Akraness 2010. Hér fyrir neðan má sjá úrdrátt úr bréfi sent var með tilnefningunni:

Kraftlyftingafélag Akraness tilnefnir Árna Freyr Stefánsson til Íþróttamanns Akraness árið 2010. Árni er fæddur árið 1985 og er því 25 ára gamall sem þýðir að hann keppir í opnum flokk. Hann hefur keppt í kraftlyftingum frá árinu 2004 og hefur verið að bæta í sig veðrið síðustu 2 árin. Árni keppti á fjórum mótum þetta árið og þar á meðal á sínu fyrst alþjóðlega móti, Evrópumeistaramótinu í kraftlyftingum sem fram fór í Köping í Svíþjóð í maí síðastliðnum. Árni keppti einnig á Íslandsmeistaramótinu í bekkpressu sem er fyrsta mótið sem Kraftlyftingafélag Akraness heldur.

Árni lenti í öðru sæti á Íslandsmeistaramótunum í bekkpressu og kraftlyftingum og á Evrópumeistaramótinu í Svíþjóð lenti hann í 10. sæti. Á bikarmótinu í kraftlyftingum var hörð barátta um 2.-3. sætin þar sem að Árni lyfti jafn miklu í samanlögðu og annar

keppandi en þar sem að Árni var örlítið þyngri en hinn keppandinn þá varð hann að láta sér nægja 3. sætið. Árni átti þó mikið inni á mótinu og er öruggt mál að hann mun bæta sér þetta upp á komandi ári. Árni hefur verið duglegur að kynna íþróttina fyrir nýju fólki á Akranesi og má segja að hann sé eiginlegur þjálfari félagsins. Hann hefur m.a. tekið að sér að kenna fólki hvernig nota á keppnisbúnað í kraftlyftingum eins og bekkpressuboli, hnébeygju- og réttstöðubrækur sem og hnévaðninga o.fl. en það getur oft verið snúið að koma þessum búnaði rétt á.

Íslandsmeistaramótið í bekkpressu

Í lok árs 2009 var Kraftlyftingafélagi Akraness boðið að halda Íslandsmeistaramót Kraftlyftingasambands Íslands í bekkpressu. Stjórn félagsins hugsaði sig ekki tvisvar um og þáði boðið, enda kjörið tækifæri til að efla starfsemi félagsins, auka áhuga á kraftlyftingum á Akranesi auk þess sem að hægt væri að afla einhvers fjárs á mótinu. Mótið var haldið þann 30. janúar 2010 í Íþróttamiðstöðinni að Jaðarsbökkum og mættu 29 keppendur,

þar af 4 konur. Kraftlyftingafélag Akraness átti 4 keppendur á mótinu sem flestir stóðu sig vel. Það voru orð vanra manna að mótið hafi verið allt hið glæsilegasta að og sennilega flottasta kraftlyftingamót sem haldið hafði verið á landinu til þessa. Þetta þóttu mjög uppörvandi orð sem hvöttu menn til þess að gera enn betur að ári liðnu.

Aðstaða til kraftlyftinga á Akranesi

Á árinu hefur félagið unnið hörðum höndum við að bæta aðstöðu til kraftlyftinga á Akranesi og hefur starfið borið þó nokkurn árangur. Fljótlega eftir stofnun félagsins var farið í það að finna rými undir aðstöðu félagsins. Úr varð að félaginu var úthlutað herbergi í kjallara íþróttahússins við Vesturgötu þar sem að áður voru búningasklefar Körfu knattleiksfélagsins. Félagsmenn hófust handa við að gera herbergið kraftlyftingahæft og þurfti t.a.m. að rífa niður skápa sem áður voru ætlaðir undir föt og búninga. Auk þess var gert við steypuskemmdir og herbergið í kjölfarið málað. Eftir allt hrósið sem félagið fékk eftir að hafa haldið Íslandsmeistaramótið í bekkpressu fékkst vilýrði hjá bænum fyrir því að kaupa Eleiko keppnislóðasettnýjan sem samanstendur af pari af öllum þyngdum frá 2,5 kg upp í 20 kg auk pars af festingum og 8 stk. 25 kg lóð. Félagið fékk einnig að láni 2 stk. 50 kg gúmmilóð í eigu KRAFT og var heildarþyngd lóða þá orðin 410 kg með festingum.

Félagið fjárfesti í tveimur bekkpressubekkjum og hnébeygjustandi sem Baldvin "Bekkur" Skúlason smíðaði á mjög sanngjörnu verði. Annar bekkpressubekkurinn var settur í líkamsræktarstöðina í Íþróttamiðstöðinni að Jaðarsbökkum en hinum var komið fyrir í aðstöðu félagsins auk hnébeygjustandsins. Félagið fjárfesti einnig í ónýtum færibandsbútum úr Járblendiverksmiðjunni á



Grundartanga sem notaðir voru sem gólfefni undir hnébeygjustand og bekkpressubekk auk þess sem að hluti þeirra voru notaðir í smíði réttstöðupalls.

Árni Freyr hefur smíðað ýmislegt til kraftlyftinga- og aflraunaæfinga sem hann hefur komið fyrir í aðstöðu félagsins. Þar ber að nefna bóndagönguset, tæplega 70 kg drumb sem hægt er að bæta við á lóðum, tvær mismunandi háar upphækkunar til réttstöðulyftuæfinga o.fl.

Aðstaða félagsins í kjallara íþróttahússins á Vesturgötu er nú orðin sómasamleg og við hæfi fyrir fólk sem vill æfa kraftlyftingar en þó má bæta við. Það þyrftu að vera til fleiri keppnislóð og fleiri stangir en ein stöng dugar skammt ef æfa á fleiri en eina grein í einu. Það er stefna félagsins að verða fært um að halda mót án allrar aðstoðar. Til þess að svo megi verða þarf félagið að fjárfesta í ýmsum búnaði svo sem eins og dómaraklukku o.fl. Félagið mun vinna hörðum höndum að því að ná þessu markmiði á næstu árum.

Árangur á mótum

Kraftlyftingafélag Akraness hefur átt keppendur á öllum helstu mótum ársins, að undanskildu Íslandsmeistaramótinu í réttstöðulyftu, og hefur fjölmennt á stærstu mótin.

Íslandsmeistaramót í réttstöðulyftu, Selfoss, 22 nóvember 2009: Kári Rafn Karlsson

Kári er fyrstur til að keppa fyrir Kraftlyftingafélag Akraness. Hann fékk aðeins sína fyrstu lyftu gilda en mistókst naumlega í tvígang við 250 kg.

Íslandsmeistaramót í bekkpressu, Akranes, 30 janúar 2010: Guðfinnur Gústavsson, Ari Valgeirsson, Sigfús Helgi Kristinsson, Árni Freyr Stefánsson.

Guðfinnur var að keppa á sínu fyrsta móti og jafnaði unglingamet í bekkpressu. Ari keppti án útbúnaðar og reyndi við 100 kg í fyrstu tilraun en fékk það ógilt v.þ.a. hann skilaði stönginni of snemma. Hann fékk svo tvær næstu lyftur ógildar en þá reyndi hann við 110 kg. Sigfús keppti án útbúnaðar. Árni setti persónulegt met í bekkpressu.

Íslandsmeistaramót í kraftlyftingum, Mosfellsbær, 13 mars 2010: Guðfinnur Gústavsson, Árni Freyr Stefánsson.

Guðfinnur keppti hér á sínu fyrsta heila móti. Hann fékk allar hnébeygjulyfturnar (110-120-140) ógildar vegna ónægrar dýptar. Árni setti persónulegt met í hnébeygju og réttstöðulyftu.

Sunnumót í bekkpressu og réttstöðulyftu, Akureyri, 17 apríl 2010: Lára Bogey Finnbogadóttir.

Lára var að keppa á sínu fyrsta móti og setti íslandsmet í bekkpressu og hnébeygju.

Evrópumeistaramót í kraftlyftingum, Köping, Svíþjóð, 4-8 maí 2010: Árni Freyr Stefánsson.

Árni keppti hér á sínu fyrsta alþjóðlega móti og setti persónulegt met í öllum greinum nema bekkpressu þar sem að hann jafnaði sinn besta árangur.

Kópavogsmót í kraftlyftingum, Kópavogur, 5 júní 2010: Lára Bogey Finnbogadóttir, Arnar Dór Hlynsson,

Guðfinnur Gústavsson, Eyþór Örn Gunnarsson, Bjarni Már Stefánsson.

Lára setti íslandsmet í réttstöðulyftu og samanlögðu og bætti sín fyrri met í hnébeygju og bekkpressu. Arnar Dór var hér að keppa á sínu fyrsta móti og keppti án útbúnaðar. Hann fór því miður full geyst af stað í bekkpressunni þar sem að hann byrjaði á sínu persónulega meti, 95 kg, en fékk það ógilt vegna þess að hann lyfti rassinum í lyftunni. Í annarri tilraun hreyfði hann annan fótinn á meðan lyftunni stóð og fékk því þá lyftu einnig ógilda. Í þriðju tilraun var svo allt púðrið búið og stöngin fór ekki upp. Guðfinnur keppti án útbúnaðar í öllum greinum nema bekkpressu. Hann setti nýtt unglingamet í bekkpressu og jafnaði unglingametið í samanlögðu. Eyþór var að keppa á sínu fyrsta móti og lenti í sömu vandræðum og Guðfinnur lenti í á Íslandsmótinu, þ.e. að fá allar hnébeygjutilraunirnar ógildar vegna ónægrar dýptar. Eyþór setti þó óskráð drengjamet í réttstöðulyftu, metið er óskráð v.þ.a. hann datt úr keppni því hann fékk enga gilda hnébeygju. Bjarni setti unglingamet í öllum lyftum og samanlögðu. Þar af tvíbætti hann metin í bekkpressu og réttstöðulyftu og þríbætti metið í samanlögðu.

Norðurlandameistaramót í kraftlyftingum, Bergen, Noregi: Lára Bogey Finnbogadóttir.

Lára setti enn á ný íslandsmet í öllum greinum sem og samanlögðu. Hún tvíbætti sitt fyrra met í hnébeygju og þríbætti metin í bekkpressu og samanlögðu.

Bikarmót í kraftlyftingum, Mosfellsbær, 21 nóvember 2010: Lára Bogey Finnbogadóttir, Arnar Dór Hlynsson, Guðfinnur Gústavsson, Nikulás Rúnar Sigurðsson, Árni Freyr Stefánsson.

Lára féll út í hnébeygju vegna þess að allar hennar beygjur vantaði dýpt. Að því undanskildu átti hún gott mót þar sem að hún bætti persónulegt met í bekkpressu um 15 kg og í réttstöðulyftu um 5 kg. Arnar Dór klikkaði á því sama og Lára, þ.e.a.s. beygjurnar hans voru ekki nægilega djúpar. Guðfinnur hafði verið að slaka á í ræktinni og átti fremur slakt mót. Nikulás Rúnar (sem er venjulega kallaður Lalli) fullkomnaði beygjumarraðarþrennuna og féll út á sínu fyrsta móti vegna þess að hann fékk enga gilda beygju sökum ónægrar dýptar. Árni Freyr hafði farið í megrun og var búinn að léttast um rúm 30 kg frá því á

Evrópumeistaramótinu í maí. Þetta þýddi að hann var kominn niður um þyngdarflokk (úr 125+ kg niður í 125 kg). Hann setti nýtt íslandsmet í hnébeygju (305 kg) sem mun aldrei verða slegið vegna þess

Körfuknattleiksfélag Akraness

Ný stjórn kjörin á aðalfundi í mars 2010

Kristmar Sigursson, formaður

Sigurður Hermannsson, gjaldkeri

Sigurður Sigurðsson, ritari

Guðjón Smári Guðmundsson, meðstjórndandi



Leiktíðina 2009/2010 lék meistaraflokkur karla lék í 1. deild. Brynjar Sigursson var áfram þjálfari meistaraflokks og byrjaði hann strax æfingar um mitt sumar. Leikmannahópurinn var nánast sá sami og vann sig upp úr 2 deildinni með miklum glæsibrag. Liðið vann 4 af 18 leikjum og lenti í næst neðsta sæti og fékk því það hlutskipti að falla niður um deild. Á haustmánuðum tók Jóhannes Helgason við þjálfun meistaraflokks og stjórnaði liðinu leiktíðina 2010/2011 þar sem liðið lék í A riðli 2. deildar. Okkur tókst að vinna 11 af 14 leikjum og höfnum í öðru sæti riðilsins. Í 8 liða úrslitum sigruðum við ÍBV 103 - 79. Í 4. liða úrslitum bar liðið svo sigurorð af liði HK 110 - 83 og er þar með ljóst að það leikur í aftur í 1. deild á næstu leiktíð.

Í September hófu yngriflokkar æfingar, en það voru 5 flokkar sem æfðu undir merkjum körfuknattleiksfélagsins. Einnig voru æfingar hjá old boys einu sinni í viku í vetur. Drengjaflokkur tók þátt í Íslandsmóti og var stærsta hluta vetrarins þjálfaður af Lárusi Kjartanssyni. Einnig var út stúlknaflokkur með lið í keppni og voru þær þjálfaðar af Guðjóni Smára Guðmundsyni. Hin gamalkunna kempa Sigurður Elvar Þórólfsson tók að sér þjálfun 7. og 8. flokks sem tók þátt í Íslandsmótinu í fyrsta skipti. Ljóst var frá upphafi að mótið yrði erfitt fyrir okkar fólk þar sem margir voru að stíga sín fyrstu spor í keppni. Öll eru þau þó reynslunni ríkari og hafa sýnt töluverðar framfarir. Minnibolti var þjálfaður af Jóhannesi Helgasyni. Flokkurinn tók þátt í tveimur stórum mótum á tímabilinu og stóðu sig með stakri þrýði.

Körfuknattleiks maður ársins 2010 var Dagur Þórisson. Dagur var valinn af félögum sínum mikilvægasti leikmaður félagsins á síðustu leiktíð. Hann var að öðrum ólöstuðum besti leikmaður mfl karla á síðustu leiktíð. Dagur er leikjahæsti leikmaður Körfuknattleiksfélags Akraness frá upphafi, það met heldur hann áfram að bæta með hverjum leik. Það virðist sem hann verði bara betri með árunum og á nóg eftir.

Staða félagsins er að mörgu leiti ágæt. Jákvætt er hversu mikil gróska í yngstu flokkunum og kvennastarfi félagsins. Framtíð félagsins ræðst að miklu leiti af því hversu vel tekst til með að hlúa að okkar yngstu iðkendum, efla þau og bæta. Munar miklu að reynsluboltar eru tilbúnir að koma

að þjálfun þeirra. Áhyggjuefni er hversu slitrót nýliðun er í meistaraflokki. Það hefur skapast töluvert aldursbil á milli þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref og þeirra sem reyndari eru. Fjárhagslega er félagið í jafnvægi enda hefur það sýnt mikla ábyrgð í þeim efnum og ekki tekið neinar áhættur varðandi leikmannamál og þjálfara. Félagið þyrfti nauðsynlega að koma sér upp reglubundinni fjáröflun sem skapað getur nokkuð traustar tekjur til framtíðar. Félagið þakkar öllum þeim sem komið hafa að starfsemi félagsins á liðnu ári og stutt það með ráðum og dáðum.

Skotfélag Akraness

Á síðasta aðalfundi voru kjörnir í stjórn Skotfélags Akraness: Óskar Arnórsson, Bjarki Óskarsson, Unnar Fannarsson og Jón S. Ólason. Varamaður var kosinn Jón Valgeir Viggósson.

Jón S. Ólason – Formaður.

Óskar Arnórsson – Gjaldkeri.

Bjarki Óskarsson – Ritari.

Unnar Eyfjörð og Jón Valgeir – Meðstjórnendur.

Loftbyssusalurinn á Vesturgötunni hefur verið ágætlega nýttur og nýtt fólk hefur verið að koma þar til æfinga. Ánægjulegt hefur verið að taka á móti unglingum sem þar hafa komið og nú stefnir í að SKA geti stillt upp unglingaliði til keppni en það hefur aldrei náðst í sögu skotíþróttarinnar á Íslandi. Vandræði hafa verið með innheimtu æfingagjalda í salnum og þarf að taka til þess afstöðu hvort félagið verði ekki að koma sér upp posa sem myndi þá nýtast í salnum á veturna og á útsvæðinu á sumrin. Alls eru skráðar 407 mætingar í salinn á árinu 2010

Hið árlega Akranesmót í loftskammybyssu og loft-rifflí fór fram 19. Maí og mættu 22 keppendur til leiks. Akranesmeistarar árið 2010 urðu þau Guðmundur Sigurðsson í karlaflokki og Berglind Björgvinsdóttir í kvennaflokki og svo Skúli Freyr Sigurðsson og Steinunn Guðmundsdóttir í unglingaflokki. Skammybyssufólk SKA tók þátt í öllum mótum á mótaskrá STÍ á liðnu ári. Náði félagið 6 Íslandsmeistaratitlum á Íslandsmótinu. Loftbyssufólk tók að venju þátt í sænsku póstmóti.15



félagsmenn tóku þátt í mótinu sem er 7 umferða mót sem um 400 keppendur taka þátt í. Þegar þetta er ritað liggja endanleg úrslit ekki fyrir. Berglind Björgvinsdóttir er hæst af okkar fólki með 361,7 stig út úr þremur bestu umferðum. Jón Arnar Sigurþórsson í öðru sæti með 355 stig og Elías M. Kristjánsson sá þriðji með 349,3. Árangur Elíasar vekur sérstaka athygli en hér er keppnismaður á ferð sem hóf æfingar sl.haust og hefur náð ótrúlegum árangri á þessum stutta tíma.

Í byrjun sumars var sett um Nordisk trap vél á skotsvæði félagsins undir Akrafjalli, þessi vél er þannig uppbyggð að hún hendir dúfunum hingað og þangað og í raun og veru veistu aldrei hvar þú hefur dúfuna, sem er spennandi og krefjandi. Svo í sumar er áætlun um að setja 5 skotpalla með reglulegu millibili fyrir aftan vélina skv. reglum. Skeet völlurinn var mikið notaður bæði í leirdúfu og trap og var innkoman mun betri en undanfarin ár. Ákveðið var að endurvekja innanfélagsmót sem voru haldin fyrsta laugardag í hverjum mánuði og voru þau fjögur í heildina, á fjórða móti var svo krýndur Akranesmeistari í skeet sem var Bjarki Óskarsson og sigraði hann á þremur mótum af fjórum.

Villibráðakvöldið var haldið í nóvember og sóttu hátt í 40 manns. Nokkur skuggi hvíldi þó yfir þar sem enginn af loftbyssufólkinu mætti og þarf stjórn félagsins að taka til skoðunar hvernig má bregðast við því að stór hluti félagsmanna telji sig ekki velkominn á þessa stærstu samkomu ársins. Skotíþróttamaður Akraness fyrir árið 2010 var svo valin Berglind Björgvinsdóttir. Berglind sem einungis hefur stundað skotfimi í tvö ár er orðin önnur besta skotkona landsins, náði Íslandsmeistaratitli á Íslandsmótinu og sigraði Akranesmótið með yfirburðum.

Sundfélag Akraness

Á síðasta aðalfundi Sundfélags Akraness þann 18. mars 2010, voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórn og skiptu þannig með sér verkum: Formaður: Gunnar H Kristinsson, varaformaður og bókarí: Harpa Hrönn Finnbogadóttir, gjaldkeri: Sigríður Ragnarsdóttir, ritari: Helga Skúladóttir, meðstjórnendur: Rut Carol Hinriksdóttir, Eygló Karlsdóttir og Bjarney Guðbjörnsdóttir. Í lok október 2010 sagði Sigríður Ragnarsdóttir sig úr stjórninni og við gjaldkerastöðu tók Siggerður Á Sigurðardóttir. Stjórnin fundar að jafnaði annan hvern þriðjudag. Auk þess sinnir stjórn vinnu við undirbúning og framkvæmd viðburða á vegum félagsins, s.s. sundmót, keppnisferðir, æfingabúðir, fjáraflanir og fleira.

Litlar breytingar urðu á þjálfarahóp félagsins á árinu. Mads Claussen þjálfar A-hóp, Ragnheiður Runólfssdóttir hefur séð um þjálfun B-hóps, C-hóps, Krossfiska og Fjörfiska, auk þess að starfa með elsta hópnum okkar á mótum. Bjarney Guðbjörnsdóttir þjálfar Seli 3 og Garpa, Örn Viljar Kjartansson þjálfar Seli 1 og Jón Axel Svavarsson þjálfar Seli 2. Bjarney hefur að auki séð um afleysingar í öllum hópum. Sigríður Helga Gunnarsdóttir íþróttakennari þjálfar Kópa 1 og 2. Anna Sigfríður Reynisdóttir sá um þrekæf-



ingar A-hóps. Að auki eru nokkrir sundmenn úr A-hópi að aðstoða við þjálfun Kópa og Krossfiska og sumir hafa einnig leyst af við þjálfun eldri hópa. Er þeim færðar þakkir fyrir gott starf í þágu félagsins.

Verkefni á starfsári stjórnarinnar hafa verið fjölmörg og ætla ég að fara yfir þau helstu:

- Sundfélagið eignaðist tvo Íslandsmeistara á IM 50 í lok mars en það voru þau Salome Jónsdóttir sem varð tvöfaldur Íslandsmeistari og Ágúst Júlíusson. Mjög góður árangur náðist á mótinu og var uppskeran 3 gull, 5 silfur og 11 brons.

- Næsta verkefni var hefðbundið páskaeggjamót og páskafjör sem vekur alltaf lukku.

- Þrír sundmenn frá Sundfélagi Akraness fóru með unglingalandsliði Íslands til keppni á alþjóðlegu móti í Luxembourg. Sundmennirnir stóðu sig mjög vel og ber þar hæst tvenn gullverðlaun Salome Jónsdóttur en einnig fóru þau Arta Haxhíjaldini og Birgir Viktor Hannesson með landsliðinu.

- Í byrjun maí fóru 19 sundmenn á aldrinum 12 – 13 ára á Kvik-Aargangs Cup í Danmörku.

- Um 30 krakkar frá SA tóku þátt í Sparisjóðsmóti ÍRB sem haldið var í Vatnaveröld í Reykjanesbæ og var árangur góður.

- Bikarkeppnin í sundi var haldin í Reykjanesbæ 28. – 29. maí og sendi Sundfélag Akraness lið til keppni í efstu deild kvenna og karla. Báðar sveitir urðu í 4. sæti og var kvennasveitin ekki langt frá þriðja sætinu.

- Síðustu helgina í apríl sendi SA níu keppendur á Íslandmeistaramót garpa á Siglufirði og komu þeir heim með 18 titla og nokkur Íslandsmet.

- Á Akranesleikum í byrjun júní var góð þátttaka og veðrið lék við okkur. Sundfélag Akraness bar sigur úr býtum í stigakeppninni, Inga Elín Cryer var stigahæsti sundmaðurinn og Sundfélagið Ægir fékk viðurkenningu sem þrúðasta liðið.

- Átta sundmenn SA tóku þátt í Sundmeistaramóti smáþjóða fyrir Íslands hönd um miðjan júní og komu samtals heim með 24 verðlaunapeninga.

- AMÍ var haldið í Hafnarfirði. Alls unnu sundmenn Sundfélags Akraness til 36 einstaklingsverðlauna á mótinu,

þar af urðu gullin 14. Boðsundssveitir komust sex sinnum á pall og náði meyrjasveitin að vinna til gullverðlauna. Í lok móts er tilkynnt um stigahæstu sundmennina í hverjum flokki og varð Inga Elín Cryer stigahæst í stúlknaflokki. Aldursflokkameistarar urðu þau Jón Þór Hallgrímsson, Birgir Viktor Hannesson, Inga Elín Cryer, Salome Jónsdóttir, Arta Haxhíajdini, Sindri Freyr Ísleifsson, Anna Chukwunonso Eze, Júlía Björk Gunnarsdóttir, Yrsa Katrín Karlsdóttir og Birna Sjöfn Pétursdóttir. Sundfélag Akraness varð í fimmta sæti í stigakeppni AMÍ.

- Birgir Viktor Hannesson og Arta Haxhíajdini kepptu í byrjun júlí á Norðurlandameistaramóti æskunnar í Noregi og stóðu sig mjög vel.

- Í lok júlí héldu 18 sundmenn, 14 ára og eldri, í 12 daga æfingabúðir á Benidorm. Æfingabúðirnar gengu mjög vel og allir skemmtu sér hið besta en þó hefði æfingalaugin þurft að vera betri.

- Um verslunarmannahelgina tóku nokkrir sundmenn þátt í unglíngalandsmótinu í Borgarnesi og stóðu sig að sjálfsgöðu vel.

- Inga Elín Cryer tók þátt á Ólympíuleikum ungmenna í Singapore í ágúst. Það var gríðarlegur heiður og upplifun fyrir hana og náði hún að auki góðum árangri í lauginni.

- Í lok ágúst var Faxaflóasundið þreytt í fínu veðri.

- Í lok september fóru sundmenn úr B og C hópum til Bolungarvíkur og kepptu þar á Vestfjarðarmótinu. Afar vel var tekið á móti okkar fólki og árangur helgarinnar var góður, bæði í laug og utan.

- Sömu helgi tókum við þátt í Sprengimótinu á Akureyri með elsta hópnum.

- Í byrjun október voru Inga Elín Cryer og Ágúst Júlíusson í landsliði Íslands í landskeppninni Ísland/Færeyjar.

- B og C tóku þátt í Fjölnismótinu í lok október.

- Landsbankamótið var haldið 6. nóvember í Bjarnalaug fyrir 10 ára og yngri og kepptu þar rúmlega 30 keppendur.

- Akranesmeistaramótið var haldið 7. nóvember við erf-iðar aðstaður. Akranesmeistarar urðu þau: Birna Sjöfn Pétursdóttir og Sindri Freyr Ísleifsson í meyrja og sveina-flokki, Arta Haxhíajdini og Atli Vikar Ingimundarson í telpna- og drengjaflokki og Inga Elín Cryer og Ágúst Júlíusson í flokki 15 ára og eldri. Þau Ágúst og Inga Elín áttu einnig stigahæstu sund mótsins og urðu þar með Akranesmeistarar 2010.

- 17. nóvember voru uppskeruhátíðin og pastakvöldið haldin saman. Inga Elín Cryer var valin sundmaður ársins. Birgir Viktor Hannesson var valinn sá efnilegasti og Ágúst Júlíusson, besti félaginn.

- Sundfélag Akraness sendi frækinn hóp á Ís-lands-meistaramótið í sundi í 25 metra laug 10. – 14. nóvember. Árangur sundmannanna var frábær og komu þeir heim með fjóra Íslandsmeistaratitla, fimm silfurverðlaun og fern bronsverðlaun. Bestum árangri Skagamanna náði Ágúst Júlíusson sem varð tvöfaldur Íslandsmeistari en þær Salome Jónsdóttir og Inga Elín Cryer unnu hin tvö gullin.

- 3. – 5. desember var Útvarp Akraness haldið í 21. skiptið. Útvarpið tókst í alla staði mjög vel, góð dagskrá í boði og vel gekk með auglýsingarnar.

- Salome Jónsdóttir var í landsliði Íslands sem tók þátt í Norðurlandamóti unglinga í Kaupmannahöfn um miðjan desember.

- Inga Elín Cryer var útnefnd sundmaður ársins hjá Sundfélagi Akraness og í kjöri Íþróttamanns Akraness varð hún í öðru sæti.

- 30. desember var haldið lítið metamót í Bjarnalaug fyrir tvo elstu hópana og nokkur gömul 12,5 metra met slegin.

- Bárúmótið fór að venju fram í Bjarnalaug í byrjun janúar og tóku um 30 sundmenn á aldrinum 8-12 ára þátt í 50m bringusundi og 50m skriðsundi. Una Lára Lárusdóttir og Sindri Andreas Bjarnason voru stigahæstu sundmennirnir.

- Á Reykjavík International Games fóru þeir sundmenn sem náð höfðu lágmörkum. Ágætis árangur náðist á þessu sterka móti.

- Við sendum 42 sundmenn á Gullmót KR sem haldið var 11.-13. febrúar. Ágúst Júlíusson sigraði Super Challenge og metfjöldi Skagamanna náði í úrslitakeppni Super Challenge.

Ýmislegt fleira hefur verið gert en verður ekki talið upp hér. Æfingaaðstaðan er óbreytt. Yngri hóparnir eru í Bjarnalaug og þrír elstu hóparnir eru í Jaðarsbakkalaug. Alls synda ríflega 200 sundmenn hjá félaginu.

Fjárafilanir hafa verið með svipuðu sniði og mörg undan-farin ár; Akranesleikarnir, Útvarp Akranes, rekstur ljósa-bekkja, kleinusala, Faxaflóasund, krónusund, útburður, vörutalningar og ýmislegt fleira sem til fellur. Nýjung í fjár-öflunum, sem hefur gefist vel, er flatkökusala en tekjur frá henni hafa aðallega farið til niðurgreiðslu ákveðinna verk-efna. Þá hefur myndarlegur styrkur Akraneskaupstaðar til íþróttafélaganna vegna þjálfunar barna og ungmenna verið félaginu mikilvægur sem og fjárframlag Íþróttabandalags Akraness sem munar um í starfinu. Viljum við þakka þeim fjölmörgu fyrirtækjum og einstaklingum, sem lagt hafa félaginu lið.

Fjárhagur félagsins var með ágætum á síðasta ári þrátt fyrir tap uppá um 350.000 kr. Ekki var markmiðið að bæta við höfuðstól félagsins á árinu og þetta tap því ásætlanlegt og ekki til að hafa áhyggjur af. Útlit fyrir næsta rekstrarár



er ágætt og ætti að vera hægt að reka félagið nálægt núllinu án þess að fara útí auknar fjáraflanir eða miklar hækkunar æfingagjalda. Á árinu var tölvubúnaður endurnýjaður og helsti hugbúnaður við mótahald og umsýslu iðkenda uppfærður. Þá komu nýju ljósaborðin okkar í fyrsta skipti á heimaslóðir á Akranesleikunum en þau keyptum við og eigum með sundfélaginu Óðni. Félagið fjárfesti einnig í ýmsum sundbúnaði eins og sunddugum og sundblöðkum fyrir yngri iðkendur.

Fyrir hartnær þremur árum stefndi allt í að á þessum tíma væri félagið með aðstöðu í bestu 25 metra innilaug landsins og allar áætlanir félagsins snérust um það hvernig nýta skyldi mannvirkni til að efla sundiðkun ungmenna á Akranesi. Nú er annað uppi á teningnum og verkefni stjórnar og þjálfara félagsins næstu árin verður að halda Sundfélagi Akraness meðal sterkustu sundfélaga landsins í samkeppni við mörg félög sem hafa 50 metra innilaugar til afnota. Gunnar H. Kristinsson fráfarandi formaður Sundfélags Akraness þakkar öllu því góða fólki sem hann hef unnið með sl. þrjú ár sem formaður félagsins. Þar má nefna stjórnarmenn SA, foreldra sundmanna, þjálfara félagsins, starfsmann og stjórn ÍA, bæjaryfirvöld á Akranesi og starfsmenn Íþróttamiðstöðvarinnar.



Íslandsmet sem Jófríður Ísdís Skaftadóttir setti á árinu 2010:

Kúluvarp innanhúss: 3 kg: 10,65. Silfurleikar ÍR. 2010. (Eldra met 9.89 m, 2001)

Kúluvarp utanhúss: 2 kg: 11,81. Gaflarinn Hafnarfirði 2010. (Eldra met 11,60m 2003)

Kringlukast: 600 gr: 35,99 Héraðsmót UDN 2010. (Eldra met 23.59m 2007)

Kringlukast: 1. kg: 28,83. Elite kastmót Hafnarfjörður 2010. (Eldra met 25.58m, 1973)

Ungmennafélagið Skipaskagi

Stjórn Ungmennafélagsins Skipaskaga skipa þau , Anna Bjarnadóttir formaður, Skafti Steinólfsson gjaldkeri og Gunnar Högnason ritari. Meðstjórnendur eru þeir Lárus Kjartansson og Uchechukwu Michael.

Frjálsar íþróttir:

Þjálfari í frjálsum íþróttum er Uchechukwu Michael, æfingar eru 3x í viku, tvær æfingar í Akraneshöllinni og ein í íþróttúsinu Jaðarsbökkum. Æft er á mánudögum, fimmtudögum og föstudögum kl. 17.30.

Mót sem að UMF Skipaskagi tók þátt í árið 2010:

Stórmót ÍR, 7 þátttakendur,
Meistaramót Íslands (MÍ) 1 þátttakandi,
MÍ 35+ 1 þátttakandi,
MÍ 11 – 14 ára, 1 þátttakandi,
Vormót Fjölnis 11 – 14 ára, 1 þátttakandi,
Silfurleikar ÍR 5 þátttakendur

Utanhúsmót:

MÍ 11-14 ára 1,
Goggi galvaski í Mosfellsbæ, 5 þátttakendur,
Unglingalandsmót var haldið í Borgarnesi og voru 5 þátttakendur sem kepptu í frjálsum, sundi og glímu.
Elite throwing mót FH, 1 þátttakandi,
Gaflarinn FH mót 1 þátttakandi
MÍ 35 ára+, 1 þátttakandi

Íþróttaklúbburinn FEBAN

Feban er hópur eldri borgara sem tekur þátt í keppnum og keppir undir nafni Skipaskaga. Æft er 1x í viku línudans og eru þar 2 hópar um 30 – 40 manns æfa línudans. Æfingar í boccia eru 3x í viku og eru um 40 manns sem þar mæta.

Mót sem FEBAN tók þátt í eru: Línudanskeppni UMSK fór fram í lok mars og var haldið í Mosfellsbæ. Þar var keppt í dansi fyrir 50+. Tveir hópar fóru og kepptu á þessu móti frá FEBAN. Gekk mótið mjög vel og varð hópurinn sem er lengra kominn í 1. sæti og byrjendahópurinn í 2. sæti.

Boccia: Farið var með 2 lið í Hagaskóla til keppni en ekki gekk þeim mjög vel þar.

Vesturlandsmót í boccia var haldið í Borgarnesi í maí. Keppendur komu víðsvegar að af Vesturlandi, Stykkishólmi, Grundarfirði, Hellissandi, uppsveitum Borgarfjarðar, Borgarnesi og Akranesi. FEBAN sendi 4 lið á mótið og enduðu þrjú þeirra í 1. – 2. og 3. sæti.

Púttmót var haldið í Gullsmáranum Kópavogi og sendi FEBAN 2 lið á það mót. Golden age 50+ alþjóðleg hátíð, var í Portúgal í september, 4 þátttakendur fóru frá Feban á þessa hátíð. Þessi hátíð er haldin annað hvert ár og verður næsta mót á Ítalíu 2012.

